# FRÉTTABLAÐIÐ

154. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 1. JÚLÍ 2016



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Vill verða þingmaður

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ætlar að gefa kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokks. Hún vill hætta öllu málþófi og fækka þingmönnum. Áslaug ræðir móðurmissinn, pólitíkina, systur sína og nauðsynlegar úrbætur í málefnum fatlaðra. →12

## Kjararáð hækkar laun æðstu embættismanna ríkisins

**KJARAMÁL** Laun til æðstu embættismanna og þjóðkjörinna fulltrúa, sem undir kjararáð heyra, hækka öll um minnst 7,15 prósent með ákvörðun ráðsins í júní.

Eftir hækkunina er forseti Íslands með tæpar 2,5 milljónir króna í laun.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, er launahæstur þeirra sem heyra undir kjararáð og eru ekki þjóðkjörnir. Mánaðarlaun Harðar eru rúmar 2 milljónir króna.

Með nánast sömu laun er Markús Sigurbjörnsson, forseti Hæstaréttar.

Þá kemur Már Guðmundsson, með ríflega 1,9 milljónir króna.

Listi yfir fimmtán launahæstu embættismennina er á síðu 4.

Laun ráðuneytisstjóra og næstráðenda þeirra hækka sérstaklega um tugi prósenta með vísan í auknar kröfur í starfi. Ráðuneytisstjórinn í forsætisráðneytinu, Ragnhildur Arnljótsdóttir, er nú með hærri laun en forsætisráðherra.

Kjararáð vísar til þess að í ákvörðun gerðardóms í ágúst í fyrra um kjör aðildarfélaga BHM hafi verið ákvæði um 5,5 prósenta hækkun launa og 1,65 prósenta viðbótarhækkun um síðustu mánaðamót. Ráðinu beri að bregðast við verði verulegar breytingar „á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar“.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, segir þetta endurspegla að vond ákvörðun hafi verið að setja lög á kjaradeilu átján aðildarfélaga BHM og færa í gerðardóm. Kröfur um að menntun yrði metin til launa hafi verið málefnalegar og ríkið átt að geta samið við félagið.

Aðrir á vinnumarkaði hafi gert niðurstöðu gerðardóms að sinni.

„Þess vegna hefur niðurstaða baráttunnar sem BHM stóð fyrir á síðasta ári smurst yfir samfélagið. Það var aldrei tilgangur okkar,“ segir Þórunn sem kveðst ekki gera athugasemd við ákvörðun kjararáðs sem væntanlega starfi lögum samkvæmt. – óká / sjá síðu 4

2 milljónir
Hörður Arnarson



2 milljónir
Markús Sigurbjörnsson



1,8 milljónir
Ragnhildur Arnljótsdóttir



### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Á hæsta tindi hamingjunnar skrifar Þorlindur Kjartansson. 17

**SPORT** Þurfum að sanna okkur aftur á EM. 18

**MENNING** Berglind María spilar á lokk í Skálholti. 24

**LÍFIÐ** Tólfan flýgur til Parísar í dag, þar sem hún kemur til með að halda uppi stemningunni á leik Íslands og Frakklands í 8-liða úrslitum EM. 34

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Veður




**Í dag** verða norðan 8 til 15 metrar á sekúndu og rigning, en skýjað og þurrt að mestu um landið sunnanvert. Hiti frá 6 stigum fyrir norðan, upp í 16 stig syðst. Norðanstrekkingurinn getur staðbundið verið varasamur fyrir þau ökutæki sem viðkvæmust eru fyrir vindi. SJÁ SÍÐU 22



Loka korteri fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Spara milljón á hverja mínútu

**REYKJAVÍK** Frístundaheimilum Reykjavíkurborgar verður lokað klukkan 17 frá og með næsta hausti í stað 17.15 eins og síðastliðin ár. Með þessu korteri á að spara alls 15 milljónir króna í ár og á næsta ári.

Samkvæmt skóla- og frístundasviði er verið að samræma opnunartímann við leikskólaopnanir. Ekki hafi orðið vart við óánægju foreldra vegna málsins þótt þeir þurfi að fara fyrr úr vinnu til að ná í börn sín.

Um fjögur þúsund reykvísk börn eru á frístundaheimilum en aðeins tvö hundruð með vistun til klukkan 17.15 síðasta vetur. – ebg

## Hallar verulega á karla í HA

**MENNTAMÁL** Mjög hallar á karlmenn sem stunda nám við Háskólann á Akureyri þar sem 78 prósent nemenda á síðasta misseri voru konur en aðeins 22 prósent karlmenn.

HA hyggst rýna nánar í þessa kynjaskiptingu og leitar nú úrræða til að jafna hlutföllin. Taka eigi þátt í rannsóknarverkefnum með styrk úr Jafnréttissjóði.

Alls sóttu 1.203 um skólavist við HA fyrir næsta misseri. Upplýsingafulltrúi skólans segir ekki marktækt að svo stöddu að ræða kynjahlutföllin í umsóknum til skólavistar þar sem það endurspegli ekki endilega endanlegt kynjahlutfall enda muni margir ekki skila sér í háskólann. – ngy

## Allt veður í laxi



**Eftir slaginn** Laxveiði fer vel af stað um land allt. „Jú, það er gegnumgangandi frekar mikið af fiski miðað við árstíma og hann er verulega vænn,“ segir Matthías Hákonarson sem hér sést með einn metralangan og líklega um 20 pund sem fékkst í Æðarfossum í Laxá í Aðaldal í vikunni. „Viðureignin var náttúrlega brjálæðisleg. Ég missti hann niður fossana og hélt hreinlega að hann ætlaði að ganga til sjávar aftur.“ MYND/VALDEMAR FRIÐGEIRSSON

## Ungmenni kusu Höllu til forseta

**KOSNING** Krakkarnir á Hornafirði héldu skuggakosningu samhliða forsetakosningunum. Halla Tómasdóttir sigraði með 36,19 prósent. Næstur var Davíð Oddsson með 18,1 prósent og þá Guðni Th. Jóhannesson með 16,9 prósent. Auðir og ógildir seðlar voru 9,52 prósent.

Á kjörskrá voru 178 ungmenni undir kosningaaldri. Þátttaka var 58,99 prósent. Ekki var utankjörfundaratkvæðagreiðsla og gátu því sumir ekki kosið vegna ferðalaga.

Á vef Hornafjarðar segir að tilgangur kosninganna sé að auka lýðræðisvitund ungs fólks. Þær geti hugsanlega hvatt til þess að kosningaaldur verði lækkaður. – snæ



Halla Tómasdóttir

# Safnarar í sjokki eftir svik uppboðshaldara

**Danskur uppboðshaldari, Thomas Høiland, bíður dóms fyrir tilraun til að selja falsað eintak af Hugsuðinum eftir Auguste Rodin. Thomas hefur keypt af og selt fyrir íslenska safnara um áratugaskeið. Málið er áfall fyrir safnara hérlendis.**

**VIÐSKIPTI** „Þetta er mikið sjokk fyrir alla hérna heima,“ segir Magni Magnússon, safnari og fyrrverandi verslunarrekandi.

Einn virtasti uppboðshaldari Danmerkur, sem hefur stundað mikil viðskipti við Íslendinga, bíður nú dóms fyrir að reyna að selja falsaða styttu af Hugsuðinum eftir Auguste Rodin. Hann var sakfelldur í fyrra fyrir peningaþvætti fyrir danskan eiturlyfjahring.

Thomas Høiland var kóngurinn í viðskiptum með frímerki og seðla í Danmörku sem yfirmaður þeirrar deildar hjá uppboðshúsinu Bruun Rasmussen. Áður hafði hann rekið sitt eigið uppboðsfyrirtæki og í báðum tilfellum átti hann mikil viðskipti við íslenska safnara og áhugamenn um frímerki, mynt og seðla.

„Þetta var bráðskemmtilegur og flinkur náungi. Hann auglýsti mikið í Morgunblaðinu og tók á móti efni á uppboðin. Hér á landi hafði hann einnig aðstoðarmenn,“ segir Magni sem kynntist Thomasi fyrst fyrir mörgum áratugum. Þá rak Thomas litla safnarabúð á Vesterbrogade í Kaupmannahöfn.



> Hann var mikill veislumaður, hélt stór uppboð og hafði dinner á eftir. Á uppboðum var alltaf morgunmatur fyrir alla sem komu. Hann var dálítill playboy, eins og maður segir.
>
> Magni R. Magnússon safnari



Danska dagblaðið Politiken hefur fylgst rækilega með máli Thomasar síðan það kom upp vegna peningaþvættisins.

Sandra Brovall, blaðakona Politiken, lýsir í greinum sínum nærri farsakenndri atburðarás og því hvernig Thomas notaði uppboðshúsið sitt til að þvætta að minnsta kosti nærri sextíu milljónir íslenskra króna fyrir sjálenskan eiturlyfjahring sem flutti inn fíkniefni frá Suður-Evrópu. Þvættið fór meðal annars fram með falskri sölu á frímerkjasafni, sem líklega var aldrei til.

Dómsmálið sem nú stendur yfir gerir endanlega út af við feril Thomasar. Hann er sagður hafa látið meta uppruna styttunnar og komist að því að hún væri fölsuð. Þrátt fyrir það hafi hann reynt að selja breska uppboðshúsinu Christie's styttuna á fjórar til sex milljónir danskra króna, eða ríflega hundrað milljónir íslenskra króna.

„Þeir Íslendingar sem skiptu við hann voru held ég allir ánægðir. Það sem ég skipti við hann var allt í orden, eins og maður segir,“ segir Magni.

Magni lýsir Thomasi engu að síður sem glaumgosa. „Hann var mikill veislumaður, hélt stór uppboð og hafði dinner á eftir. Á uppboðum var alltaf morgunmatur fyrir alla sem komu. Hann var dálítill playboy, eins og maður segir, og átti stóra höll í Málmey sem hann bjó í með seinni konunni sinni.“

Málið sé áfall fyrir íslenska safnara. „Ég held að hann hafi ekki áttað sig á því hvað hann lifði hátt og hratt.“

snaeros@frettabladid.is





ÚTSALA
& ÖNNUR
GÓÐ TILBOÐ
Sumar
útsala
20-70%
afsláttur af öllum
garðhúsgögnum
og sessum!
OPEN AIR
Allar svamp-
og yfirdýnur*
20%
afsláttur
Allir svefn-
pokar og tjöld*
20%
afsláttur
RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
*GILDIR 01.07-03.07

# Dæmi um að læknar fái yfir milljón krónur frá lyfjafyrirtækjum

**HEILBRIGÐISMÁL** Dæmi eru um að lyfjafyrirtæki greiði einstökum læknum hundruð þúsunda í styrki vegna endurmenntunar eða annarra verkefna. Í einstaka tilfellum hafa styrkveitingar farið yfir eina milljón króna.

Þetta kemur fram í gögnum sem birt eru á vefsíðu Frumtaka, samtaka frumlyfjaframleiðenda á Íslandi.

Þessar upplýsingar eru nú í fyrsta sinn gerðar opinberar. Er það gert í samræmi við nýjar siðareglur EFPIA, Evrópusamtaka lyfjaframleiðenda. Alls birtu 16 lyfjafyrirtæki fjárhagsupplýsingar um samskipti sín við einstaklinga og stofnanir í heilbrigðisgeiranum hér á landi og nema heildargreiðslur þeirra 139 milljónum íslenskra króna.

> Það er langbest að þetta sé allt uppi á borðum.
>
> Jakob Falur Garðarsson, framkvæmdastjóri Frumtaka



Á vef Frumtaka segir að stærstan hluta upphæðarinnar megi rekja til verkefna sem tengjast klínískum lyfjarannsóknum og styrkt eru um 96 milljónir króna. Aðrar greiðslur eru til dæmis framlög og styrkir til heilbrigðisstofnana, kostnaður vegna ferða og skráningargjalda á ráðstefnur til símenntunar heilbrigðisstarfsfólks, auk þóknunar fyrir fræðslu, fyrirlestra og sérfræðiráðgjöf.

Jakob Falur Garðarsson, framkvæmdastjóri Frumtaka, segir að stórt skref sé stigið með því að birta upplýsingarnar. „Það er langbest að þetta sé allt uppi á borðum,“ bætir hann við.

Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands, segist telja að upphæðirnar sem læknum hafa verið greiddar séu ekki þess eðlis að þær muni hafa áhrif á dómgreind lækna.

„Á þessu geta menn haft mismunandi skoðanir og ég held að þetta séu upphæðir sem rugli alls ekki dómgreind lækna eða valdi því að menn upplifi einhverja óeðlilega hollustu við lyfjafyrirtækið,“ segir Þorbjörn, en bætir því við að styrkirnir geti hins vegar verið mikilvægir fyrir endurmenntun lækna. **– jhh**

# Embættismenn fá 7,15 prósent hækkun

**Laun forsætisráðherra hækka um tæpar 109 þúsund krónur á mánuði en laun ráðuneytisstjóra hans eru þó orðin hærri eða ríflega 1,8 milljónir. Kjararáð lítur til ákvæðis í gerðardómi um laun félaga í BHM í ágúst í fyrra við hækkun launa þeirra sem heyra undir ráðið.**

**KJARAMÁL** Laun allra sem undir kjararáð heyra hækkuðu 1. júní síðastliðinn um 7,15 prósent. Í úrskurði ráðsins er hækkunin sögð komin til vegna úrskurðar gerðardóms fyrir áramót um launakjör átján aðildarfélaga í Bandalagi háskólamanna (BHM).

Við hækkunina verða allnokkrar breytingar á heildarlaunakjörum embættismanna og þjóðkjörinna fulltrúa sem undir ráðið heyra.

Forseti Íslands er launahæsti þjóðkjörni einstaklingurinn með tæpar 2,48 milljónir króna í mánaðarlaun. Á eftir honum er forsætisráðherra með 1,6 milljónir, eftir tæplega 109 þúsund króna hækkun, og svo forseti Alþingis og aðrir ráðherrar sem eru með 1,49 milljónir króna í laun.

Laun embættismanna sem ekki eru þjóðkjörnir breytast einnig. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, er enn launahæsti embættismaðurinn með nær 2,1 milljónar króna mánaðarlaun. Fast á hæla Herði kemur Markús Sigurbjörnsson, forseti Hæstaréttar, með rúmar tvær milljónir. Í þriðja sæti er Már Guðmundsson seðlabankastjóri, mánaðarlaun Más nema ríflega 1,9 milljónum króna.

Um næstu mánaðamót taka svo gildi sérstakar breytingar kjararáðs á kjörum ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra stjórnarráðsins. Laun þeirra voru síðast ákvörðuð árið 2005 og því liggja ekki fyrir upplýsingar um núverandi kjör þeirra á vef kjararáðs en hækkunin nemur allt að 37 prósentum að sögn RÚV.

Eftir breytinguna verða heildarlaun ráðuneytisstjóranna hærri en laun ráðherra, eða rúmlega 1,8 milljónir króna á mánuði hjá ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins og yfir 1,7 milljónir hjá öðrum ráðuneytisstjórum. Laun skrifstofustjóra sem næst standa ráðuneytisstjóra fara í 1,3 milljónir. Aðrir skrifstofustjórar fá 1,2 milljónir.

Ákvörðun um almennu hækkunina var tekin í kjararáði 9. júní síðastliðinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur, Óskari Bergssyni, Svanhildi Kaaber og Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni.

Bent er á að í lögum um ráðið segi að það skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafi verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Bent er á að í úrskurði gerðardóms hafi verið ákvæði um að laun aðildarfélaga í BHM ættu að hækka um 5,5 prósent frá 1. júní síðastliðnum, auk þess sem þar hafi verið kveðið á um 1,65 prósenta framlag til útfærslu menntunarákvæða úrskurðarins og eftir atvikum annarra þátta í stofnanasamningum. **olikr@frettabladid.is**




**Frá mótmælum BHM og Félags hjúkrunarfræðinga við stjórnarráðshúsið í Lækjargötu í verkfalli og kjaradeilu samtakanna við ríkið í fyrrasumar.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Launahæstu embættismennirnir*

| Sæti | Nafn | Mánaðarlaun | Grunnlaun | Yfirvinnutímar |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar | 2.088.993 kr. | 1.131.793 kr. | 100 |
| 2 | Markús Sigurbjörnsson, forseti Hæstaréttar | 2.008.085 kr. | 1.481.625 kr. | 55 |
| 3 | Már Guðmundsson seðlabankastjóri | 1.936.202 kr. | 1.170.442 kr. | 80 |
| 4 | Hæstaréttardómarar aðrir en forseti Hæstaréttar | 1.844.401 kr. | 1.384.945 kr. | 48 |
| 5 | Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis** | 1.817.643 kr. | 1.339.043 kr. | 50 |
| 6 | Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans | 1.753.973 kr. | 1.131.793 kr. | 65 |
| 7 | Ráðuneytisstjórar aðrir en í forsætisráðuneyti** | 1.725.433 kr. | 1.294.693 kr. | 45 |
| 8 | Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins | 1.632.693 kr. | 1.058.373 kr. | 60 |
| 9 | Gunnar Guðni Tómasson, forstjóri Landsvirkjun Power | 1.621.587 kr. | 989.835 kr. | 66 |
| 10 | Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsv. | 1.597.835 kr. | 1.023.515 kr. | 60 |
| 11 | Þórhallur Halldórsson, sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu | 1.597.835 kr. | 1.023.515 kr. | 60 |
| 12 | Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia ohf. | 1.573.052 kr. | 1.094.452 kr. | 50 |
| 13 | Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri | 1.540.403 kr. | 1.023.515 kr. | 54 |
| 14 | Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins | 1.536.973 kr. | 1.058.373 kr. | 50 |
| 15 | Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis | 1.486.318 kr. | 1.170.442 kr. | 33 |

*Eftir ákvörðun kjararáðs um almenna 7,15 prósenta hækkun frá 1. júní 2016

**Frá 1.júlí




# Ráðherra lokar flugbrautinni

**DÓMSMÁL** Ólöf Nordal innanríkisráðherra hefur falið Isavia að loka hinni umdeildu norðaustur-suðvestur flugbraut Reykjavíkurflugvallar. Þetta kemur fram í bréfi ráðherra til Isavia og borgarstjóra.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu hinn 9. júní að ríkið þurfi að loka flugbrautinni.

„Í ljósi niðurstöðu dómsins hefur innanríkisráðherra tekið ákvörðun um að loka beri flugbrautinni og taka hana úr notkun,“ segir í bréfi til Isavia. **- gag**

### LEIÐRÉTTING

*Í Fréttablaðinu í gær segir frá endurkomu útvarpsstjóra, Magnúsar Geirs Þórðarsonar, í stól leikstjóra. Kemur fram að Elma Stefanía Ágústsdóttir verði í leikarahópi Magnúsar. Með fréttinni birtist hins vegar mynd af Elmu Lísu Gunnarsdóttur leikkonu sem ekki er í þeim hópi.*

# Talíbanar felldu þrjátíu

**AFGANISTAN** Að minnsta kosti þrjátíu létu lífið þegar talíbanar gerðu sprengjuárás á afganska lögreglumenn rétt utan við höfuðborgina Kabúl. Þá særðust einnig fimmtíu.

Tvær sprengjur skullu á rútulest lögreglumanna sem var að ferja nýútskrifaða lögreglumen frá útskriftarathöfn í vesturhluta borgarinnar. Musa Khan, hverfisstjóri Paghman-hverfis í Kabúl, sagði í samtali við BBC að allir hinna látnu utan tveggja væru nýútskrifaðir úr lögregluskóla.

Talíbanar lýstu yfir ábyrgð á árásinni stuttu eftir að hún var gerð. Í yfirlýsingu þeirra segir að fyrri sprengjumaðurinn hafi gert áhlaup á eina rútu og þegar neyðaraðstoð barst hafi annar ekið bíl hlöðnum sprengiefni á rúturnar.

Ashraf Ghani, forseti Afganistans, fordæmdi árásina í gær. „Árásir talíbana eru glæpir gegn mannkyninu,“ sagði Ghani. „Á meðan múslimar eru uppteknir við bænahald þennan heilaga ramadanmánuð halda talíbanar áfram að fremja hrottalega glæpi, drepa saklaust fólk og vekja ótta,“ sagði hann enn fremur.



**Sprengjuárás var gerð á lögreglumenn utan við Kabúl í gær.**

Árásin er áttunda stóra árás talíbana á árinu og sú þriðja í þessum mánuði. Fjórtán nepalskir öryggisverðir voru myrtir í sjálfsmorðsárás á rútu í höfuðborginni þann nítjánda þessa mánaðar og afganskur þingmaður auk þriggja aðstoðarmanna var myrtur í sprengjuárás þann fimmta. **– þea**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# SUMAR ÚTSALAN

## ER HAFIN!

% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20%

% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% - 30% - 40% - 50% - 40% - 50%

BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TILB

# Allt að 50% afsláttur

- Trjáplöntur og runnar 50% afsláttur
- Sumarblóm 20-40% afsláttur
- Bensín sláttuvélar 20% afsláttur
- Rafmagnssláttuvélar 25% afsláttur
- Garðverkfæri 25% afsláttur
- Hekkklippur 30% afsláttur
- Keðjusagir 30% afsláttur
- Panill og vatnsklæðning 20-30% afsláttur
- Garðleikföng 30% afsláttur
- Álstigar og tröppur 25% afsláttur
- Black & Decker rafmagnsverkfæri 30% afsláttur
- Hitachi rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- Úðarar og slönguhjól 30% afsláttur
- Handlaugar og blöndunartæki, valdar vörur allt að 30% afsláttur
- Skjólgirðingar 30% afsláttur
- Inni- og útimálning 25% afsláttur
- Viðarvörn og pallaolía 20% afsláttur
- Útipottar 30% afsláttur
- Garðstyttur 30% afsláttur
- Garðálfar 30% afsláttur
- Reiðhjól 30% afsláttur
- Garðhúsgögn 25% afsláttur
- Ferðahúsgögn 25% afsláttur
- Innihurðir 20-30% afsláttur
- Útiljós 25% afsláttur
- Búsáhöld Aida og Beka 20-25% afsláttur

- Heimilistæki valdar vörur á lækkuðu verði.
- Hreinlætis- og blöndunartæki valdar vörur á lækkuðu verði.
- Harpa Sjöfn málning (Skútuvogur) 40% afsláttur

... og margt fleira!




% - 4 - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% - 30% -

BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ



Flettu blaðinu á husa.is

Byggjum á betra verði




## COSTA DE ALMERÍA

**Hotel Zoraida Beach Resort**

**Frá kr. 126.575 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 126.575 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb.
Netverð á mann frá kr. 171.535 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
4. júlí í 10 nætur.




## COSTA DE ALMERÍA

**La Minería Apartments**

**Frá kr. 94.995 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 94.995m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 99.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
4. júlí í 10 nætur.




## COSTA DE ALMERÍA

**Stökktu +**

**Frá kr. 64.995 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 64.995 m.v. 2 + 1 í íbúð/herbergi/stúdíói.
Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð/herbergi/stúdíói.
4. júlí í 10 nætur.




## KRÍT

**Porto Platanias Village**

**Frá kr. 145.395 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 145.395 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 189.895 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
7. júlí í 11 nætur.




## COSTA DE SOL

**Aguamarina Aparthotel**

**Frá kr. 93.230 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 93.230 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíói.
Netverð á mann frá kr. 119.495 m.v. 2 fullorðna í stúdíói.
11. júlí í 10 nætur.




Heimsferðir




## Umsetinn miðvörður



Velgengni íslenska landsliðsins á EM í Frakklandi hefur vakið heimsathygli en allt að hundrað fulltrúar fjölmiðla víða að úr heiminum sóttust eftir viðtölum við varnarmennina Ragnar Sigurðsson og Kára Árnason sem hafa gegnt lykilhlutverki í íslenska ævintýrinu. Næst spila okkar menn við Frakkland á þjóðarleikvanginum Stade de France á sunnudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nærri 80 fórnarlömb vilja sanngirnisbætur

**Stefnt er að því að niðurstaða um bótagreiðslur til fyrrverandi nemenda Landakotsskóla og nemenda Heyrnleysingjaskólans fyrir 1947 og eftir 1992 vegna illrar meðferðar liggi fyrir í ágúst. Bætur í samráði við innanríkisráðherra.**

**SAMFÉLAG** Alls sóttu 42 fyrrverandi nemendur Landakotsskóla og 36 fyrrverandi nemendur Heyrnleysingjaskólans um sanngirnisbætur á grundvelli innköllunar í vetur. Frestur til að lýsa kröfum rann út 10. júní síðastliðinn.

„Bætur ber að ákveða samkvæmt lögum í samráði við innanríkisráðherra. Stefnt er að því að niðurstaða liggi fyrir snemma í ágúst,“ greinir Halldór Þormar, lögfræðingur hjá Sýslumanninum á Norðurlandi eystra, frá.

Embættið kallaði eftir bótakröfum fyrrverandi nemenda Landakotsskóla vegna lagabreytingar í lok síðasta árs.

Samkvæmt lagabreytingunni er ráðherra nú heimilt að víkja frá því skilyrði að könnun vistheimilanefndar liggi fyrir svo greiða megi sanngirnisbætur. Hafa má til viðmiðunar aðrar skýrslur sem varpa kunni ljósi á málið. Vistheimilanefnd var skipuð til að kanna meðferð á stofnunum, sérskólum og heimilum hins opinbera í kjölfar upplýsinga um ofbeldi gegn drengjum sem vistaðir voru á uppeldisheimili ríkisins í Breiðavík á árunum 1952 til 1979.

Kallað var eftir bótakröfum fyrrverandi nemenda Heyrnleysingjaskólans fyrir árið 1947 og eftir 1992 í kjölfar dóms Hæstaréttar 17. desember síðastliðinn. Vistheimilanefnd hafði afmarkað könnun á skólanum við tímabilið 1947-1992.

> Bætur ber að ákveða samkvæmt lögum í samráði við innanríkisráðherra.
>
> Halldór Þormar, lögfræðingur hjá Sýslumanninum á Norðurlandi eystra



Árið 1947 tóku gildi fyrstu lögin um vernd barna. Að sögn Halldórs taldi nefndin að með fyrstu barnaverndarlögin að leiðarljósi væri einfaldara en ella að skilgreina hvenær börnum væri misboðið auk þess sem erfiðara væri að afla upplýsinga eftir því sem fjær drægi samtímanum. Síðari mörkin, árið 1992, hafi verið ákveðin þar sem nefndin hafi litið svo á að það væri ekki hlutverk hennar að upplýsa einstök atvik sem gætu verið refsiverð. Þegar könnun nefndarinnar hafi hafist 2008 hafi öll möguleg brot verið fyrnd á grundvelli hegningarlaga.

Kona sem var nemandi í skólanum eftir 1992 og var synjað um greiðslu bóta höfðaði mál á hendur ríkinu. Samkvæmt dómi Hæstaréttar var afmörkun tímabilsins talin stangast á við lög þar sem nefndin hafi ekki haft umboð til þess auk þess sem í því fælist mismunun.

Hátt í 900 einstaklingar hafa fengið sanngirnisbætur úr ríkissjóði á grundvelli könnunar vistheimilanefndar og nemur upphæðin samtals rétt rúmum tveimur milljörðum króna, að sögn Halldórs.

Árið 2011 skipaði Róbert Spanó, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, sérstaka rannsóknarnefnd að beiðni kaþólska biskupsins á Íslandi, sem hafði það verkefni að rannsaka starfshætti og viðbrögð við ásökunum á hendur þjónum kaþólsku kirkjunnar um ofbeldi, þar með talið kynferðisofbeldi.

Niðurstaða nefndarinnar var að starfsmenn kirkjunnar hefðu ekki brugðist við ásökunum og í einhverjum tilvikum beitt þöggun. Það er skýrsla þeirrar nefndar sem innköllun sú sem nú er lokið er byggð á.

Fréttablaðið greindi frá því í júní 2014 að kirkjan hefði boðið bætur frá rúmum 80 þúsundum króna upp í 300 þúsund krónur.

Einstaklingar sem sættu illri meðferð á vistheimilum á vegum hins opinbera fengu frá 400 þúsundum króna upp í ríflega sex milljónir í sanngirnisbætur frá ríkinu.

ibs@frettabladid.is

FRJÁLS VERSLUN

# TEKJUBLAÐIÐ




# TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

**Takmarkað upplag - aðeins selt í 13 daga***

*skv. ákvörðun Tölvunefndar

FRJÁLS VERSLUN | www.heimur.is | Áskriftarsími 512-7575 | heimur

## Annað sætið dugði



Sundkóngurinn Michael Phelps synti sig inn á sína fimmtu Ólympíuleika í gær með því að hafna í öðru sæti á eftir Ryan Lochte. Michael varð 31 árs í gær og sagði að loknu sundinu að hann væri þreyttur og aumur í vöðvum. NORDICPHOTOS/AFP



Framhaldsskólum er ekki heimilt að nýta niðurstöður samræmdra prófa vegna innritunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Engin hæfnispróf fyrir framhaldsskólanema

**MENNTAMÁL** Ákveðið hefur verið að falla frá hæfnisprófum sem Menntamálastofnun ætlaði að bjóða upp á. Prófin hefðu framhaldsskólar getað notað við inntöku nemenda. Nýtt kerfi lokaeinkunna var tekið upp nú í vor og eru einkunnir í grunnskólum nú gefnar í bókstöfum.

„Við ræddum hæfnisprófin í tengslum við ójafnræði sem gæti ríkt á milli nemenda í tengslum við nýja einkunnakerfið en það var fallið frá því,“ segir Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar. Hann segir að almenn ánægja ríki meðal skólameistara með nýja einkunnakerfið.

Framhaldsskólum er nú ekki heimilt að nýta niðurstöður samræmdra prófa vegna innritunar.

Ingi Ólafsson, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, segir að á síðasta ári hafi verið fyrirhugað að Verzlunarskólinn hefði inntökupróf við skólann en hætt var við það vegna fyrirhugaðra hæfnisprófa Menntamálastofnunar. „Í fyrra var staðan þannig að okkur fannst eins og einkunnir hefðu

> Við ræddum hæfnisprófin í tengslum við ójafnræði sem gæti ríkt á milli nemenda í tengslum við nýja einkunnakerfið en það var fallið frá því.



Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar

hækkað ótrúlega mikið og Menntamálastofnun hefur tekið undir það,“ segir Ingi.

Ingi telur mikilvægt að einhvers konar samræmdur kvarði verði á einkunnum nemenda við innritun. „Við tortryggjum ekki grunnskólana, enda treystum við þeim fullkomlega,“ segir Ingi.

„Hvernig sem það er gert þá þarf að vera einhver samræmdur kvarði. Það getur vel verið að þessi nýi einkunnakvarði verði til bóta þegar fram í sækir, ég ætla ekki að gera lítið úr því, en óánægjan var mikil núna.“ – þv

## Hæstu skattgreiðendur á landinu




# Tuttugu greiða samtals 2,5 milljarða í skatta

**Árni Harðarson, skattakóngur ársins, á að greiða 265 milljónir í skatt fyrir síðasta ár. Listi Ríkisskattstjóra yfir tuttugu hæstu gjaldendur breytist töluvert milli ára. Fjórir af tíu hæstu eru lykilstjórnendur ALMC sem fengu milljarðabónusa.**

**VIÐSKIPTI** Árni Harðarson, viðskiptafélagi Róberts Wessman, forstjóra og stofnanda Alvogen, greiddi mest í skatt í fyrra, eða 265 milljónir króna og er því skattakóngur ársins. Christopher M. Perrin, stjórnarformaður ALMC, greiddi næstmest eða 200 milljónir og Jakob Már Ásmundsson, fyrrverandi forstjóri ALMC, kom þar á eftir með 193 milljónir í skatt.

Skattakóngur ársins greiðir mun minna en skattakóngur síðasta árs, útgerðarmaðurinn Þórður Rafn Sigurðsson, sem greiddi alls tæplega 672 milljónir króna í skatt á árinu 2014. Samtals greiddu tuttugu hæstu skattgreiðendur 2,5 milljarða árið 2015, samanborið við 3,2 milljarða árið 2014. Á skattgrunnskrá 2016 voru 277.606 framteljendur og hafa þeir aldrei verið jafn margir.

Listi Ríkisskattstjóra yfir tuttugu hæstu gjaldendur breytist töluvert milli ára en einungis fjögur nöfn má finna á listanum sem voru á honum í fyrra. Það eru Árni Harðarson, Kári Stefánsson, Kristján V. Vilhelmsson og Grímur Sæmundsen.

Fjórir af tíu hæstu greiðendum opinberra gjalda hér á landi á þessu ári eru lykilstjórnendur ALMC sem áður hét Straumur/Burðarás. Ástæðan er milljarðabónusgreiðslur til stjórnenda fyrirtækisins. Bónusarnir áttu að hvetja stjórnendurna til að hámarka virði eigna félagsins.

Stjórnendur í lyfjageiranum eru einnig mjög áberandi á listanum, má þar nefna Guðbjörgu Eddu Eggertsdóttur, fyrrverandi forstjóra Actavis á Íslandi, og Val Ragnarsson, forstjóra Medis. saeunn@frettabladid.is

### Skattakóngar síðustu ára



# ÁFRAM ÍSLAND

## BESTI HARÐFISKURINN

**OPIÐ 10-23**

**ÓDÝRT LAMBAKJÖT**
1. FLOKKUR

**ÍSLENSKUR KJÚKLINGUR**
¼ FROSINN
585. 1 KG.

**NORÐLENSKA NAUTASTEIKUR**
Í ÚRVALI

**SÚPUKJÖT AÐEINS 698. 1 KG.**

**LAMBALÆRI AÐEINS 1198. 1 KG.**

GRÆNMETIS- OG ÁVAXTAMARKAÐUR
ALLA DAGA

# VÍÐIR





GARÐATORGI, HRINGBRAUT
SKEIFUNNI

# Hörð barátta framundan um formennsku í breska Íhaldsflokknum

**BRETLAND** Dómsmálaráðherrann Michael Gove og innanríkisráðherrann Theresa May lýstu í gær yfir framboði sínu til embættis formanns Íhaldsflokksins í Bretlandi.

David Cameron, fráfarandi forsætisráðherra, mun láta bæði af embætti formanns flokksins og forsætisráðherra í september og nýr formaður taka við.

May barðist fyrir áframhaldandi veru í Evrópusambandinu en laut í lægra haldi fyrir fylkingu Goves og Boris Johnson sem börðust fyrir Brexit, aðskilnaði Bretlands frá Evrópusambandinu, sem samþykkt var í þjóðaratkvæðagreiðslu á fimmtudag síðustu viku. Auk Gove og May eru vinnumálaráðherrann Stephen Crabb, orkumálaráðherrann Andrea Leadsom og fyrrverandi varnarmálaráðherrann Liam Fox í framboði.

„Ég vildi hjálpa til við að byggja upp framboð Boris Johnson svo stjórnmálamaður sem mælti fyrir aðskilnaði frá Evrópusambandinu gæti leitt okkur inn í betri framtíð,“ sagði Gove þegar hann tilkynnti um framboð sitt í gær. „Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að Boris getur ekki veitt okkur þá leiðsögn sem þarf.“

> **Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að Boris getur ekki veitt okkur þá leiðsögn sem þarf.**
>
> Michael Gove, dómsmálaráðherra Bretlands og frambjóðandi til formennsku í Íhaldsflokknum

Við tilkynningu sína sagði May að Bretland þyrfti sterka og reynda stjórn til að stýra landinu í gegn um efnahagslega og pólitíska óvissu.



Theresa May etur kappi við Michael Gove og fleiri um formannsembættið. NORDICPHOTOS/AFP

May, sem var andvíg Brexit, sagði þó að hún myndi ekki hundsa niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Veðbankar töldu þingmanninn og Brexit-sinnann Boris Johnson líklegastan en er Johnson tilkynnti um ákvörðun sína í gær sagði hann að næsti leiðtogi íhaldsmanna myndi þurfa að sameina flokksmenn og tryggja stöðu Bretlands í heiminum.

„Eftir að hafa ráðfært mig við samstarfsmenn mína og í ljósi aðstæðna á þinginu hef ég dregið þá ályktun að ég geti ekki gert það,“ sagði Johnson. **thorgnyr@frettabladid.is**





Nicola Sturgeon vill vera í ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Spá að Skotland verði sjálfstætt

**BRETLAND** Starfsmenn fjárfestingabankans JPMorgan telja nánast öruggt að Skotland lýsi yfir sjálfstæði frá Bretlandi áður en Bretland yfirgefur Evrópusambandið. Skotar taki upp nýjan gjaldmiðil í fyrsta sinn í þrjú hundruð ár.

JPMorgan segir að þrýstingur verði á að halda kosningu um sjálfstæði Skotlands fyrir árið 2019. Skotar muni kjósa sjálfstæði og taka upp annan gjaldmiðil. Óvíst sé hvort hann yrði evra eða nýr gjaldmiðill, eftir því hvort Skotland endar í Evrópusambandinu.

Nicola Sturgeon, æðsti ráðherra Skotlands, hefur lýst yfir vilja til að Skotland verði áfram í ESB. Um sextíu prósent Skota kusu gegn útgöngu Bretlands úr sambandinu. **– sg**



Deilt var um lagabreytingu frá 2012. NORDICPHOTOS/GETTY

## Samkynhneigð hjónabönd ekki brot á trúfrelsi

**DANMÖRK** Eystri landsréttur telur danska ríkið ekki hafa brotið stjórnarskrá er heimilað var árið 2012 að prestar þjóðkirkjunnar gætu gefið samkynhneigð pör saman.

Samtök sem nefnast Foreningen Med Grundlov Skal Land Bygges höfðuðu mál á þeim forsendum að vegið væri að trúfrelsi þeirra með lögunum.

Samkvæmt dönskum fjölmiðlum er bent á í dómsúrskurðinum að ekkert hindri þá sem eru mótfallnir hjónavígslum samkynhneigðra í þjóðkirkjunni að segja sig úr henni og iðka trú sína annars staðar. **– ibs**

## Transfólk fær rétt í Pakistan

**PAKISTAN** Hópur fimmtíu klerka í pakistönsku borginni Lahore gaf í gær út trúarlega tilskipun, svokallaða fatwa, þess efnis að transfólki yrði heimilað að giftast. Nú má transfólk sem sýnir einkenni annaðhvort karlmanns eða kvenmanns giftast manneskju af gagnstæðu kyni. Hvers lags gjörðir sem ætlaðar eru til að niðurlægja eða móðga transfólk séu nú álitnar glæpir gegn íslam. Tilskipunin er ekki lagalega bindandi. **– þea**

BOSCH

Ný Bosch þvottavél

- með öllum þeim eiginleikum sem menn þurfa á að halda í dagsins önn.





Ný 9 kg þvottavél með íslensku stjórnborði.
1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð. Dropalaga tromla („VarioDrum“) sem fer einstaklega vel með þvottinn.
15 mín. hraðþvottakerfi. Skyrtukerfi. Tromluhreinsun.
Við hönnun vélarinnar hefur verið leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðláta („antiVibration Design“).

9 kg · Kolalaus mótor · A+++ Orkuflokkur

Kynningarverð:
**89.900 kr.**
Þvottavél,
WAT 284B9SN

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# EM tilboð!



## 30% afsláttur af MÚRBÚÐARVERÐI
meðan birgðir endast




**Grillum Frakkana!**

CE/GS VOTTUN

30% AFSLÁTTUR

**Kailber KG-1503 gasgrill**
3 x 3KW brennarar,
grillflötur 2520 cm², 9KW

## 30.730
verð áður kr. 43.900*




## 10.493
verð áður kr. 14.990*

**Lavor One Plus 130 háþrýstidæla**

130 Max bar
420min Litrar
Fylgihlutir: Burstar,
sápubrúsi & Turbóstútur.

30% AFSLÁTTUR

Made by Lavor







**Leca blómapottamöl 10 l.**

30% AFSLÁTTUR **630**
áður kr. 900

**Gróðurmold 20 l.**
**490 kr**
**Tilboð: Kaupir 4 poka, greiðir fyrir 3**





30% AFSLÁTTUR

Cibon Stråkústur 45cm
## 1.183
áður kr. 1.690 einnig
til 60 cm á kr. **1.327**
**Margar stærðir og gerðir með afslætti**

Cibon #1630 Hellubursti
framlengjanlegt skaft
## 1.187
áður kr. 1.695



30% AFSLÁTTUR

Drive ZD90A-20L
Ryk- og blautsuga
1400W, 20 lítrar
rafmagns innstunga
## 10.493
áður kr. 14.990




30% AFSLÁTTUR

Landora tréolía 3 l.
## 1.883
áður kr. 2.690



LLA-211 - BAR
PRO álstigi/trappa
2x11 þrep
3,11-5,34 m

30% AFSLÁTTUR

## 11.893
áður kr. 16.990

## Portúgalskir leirpottar í úrvali
## Gæðavara 30% afsláttur
Undirdiskar fáanlegir

30% AFSLÁTTUR





30% AFSLÁTTUR

Drive Fjölnotatæki 300W
## 5.593
áður kr. 7.990

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18 |

*Þessi vara var með 20% afslætti frá fyrra verði, en nú með viðbótar EM 10 prósentustiga afslætti.

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

## FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

# Litlu *frelsismálin* gera allt vitlaust

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir segir mikilvægt að unga fólkið hafi sína fulltrúa á Alþingi. Hún vill að ríkið hætti að skipta sér af öllu mögulegu og fari að einbeita sér að því sem raunverulegu máli skiptir.**


Áslaug Arna segir ef til vill offramboð af þingmönnum. Hún vill fækka þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is


„Ég ætla í framboð í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík," segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ritari flokksins. Hún hefur ákveðið að gefa kost á sér fyrir komandi þingkosningar.

„Ég ákvað að taka fyrst ákvörðunina um að fara í þingframboð sem mér finnst vera stór ákvörðun fyrir 25 ára manneskju. Ég þurfti að hugsa þetta vel. Ég ætla síðan að taka mér meiri tíma í að ákveða sæti en stefni hátt.

Mér finnst að ungt fólk verði að eiga málsvara. Kjósendur þurfa að geta speglað sig í frambjóðendum. Mér finnst þingmenn flokksins míns ekki gera það nægilega. Ég gagnrýndi á landsfundinum að meðalaldur þingflokksins væri 52 ár en meðalaldur þjóðarinnar rétt undir fertugu."

*Hvernig dettur 25 ára manneskju í hug að bjóða sig fram?* „Það eru margir sem spyrja að þessu og margir sem velta fyrir sér hvort maður sé að eyðileggja mannorð sitt. Hvort sé eitthvað sem geti tekið við eftir þingmennsku. En ég held að það sé mikilvægt að fólk sjái að það er hægt að fara inn á þing og það sé ekki eilífðarstarf. Það sé hægt að fara á þing ungur, starfa þar, nýta síðan reynsluna annars staðar. Þú átt líka að geta starfað á öðrum vettvangi og farið svo á þing. Auðvitað lítur þetta út fyrir mörgum eins og smá fangelsi, kannski af því að við eigum mörg dæmi um fólk sem hefur verið þarna í rosalega mörg ár. Kannski eru of margir þingmenn."

*Myndirðu vilja fækka þeim?* „Ég held það væri ráð. Þetta eru frekar margir þingmenn miðað við hvað við erum fá. Ég á eftir að kynnast því hvernig er að starfa sem þingmaður. Maður veltir því fyrir sér hvort þetta sé full vinna fyrir alla þingmenn. Frekar að fá til starfa hæfara fólk, en færra. En ég er spennt að fara þarna inn og upplifa þetta, fái ég tækifæri til þess."

### Milli tannanna á fólki

Áslaug Arna var formaður Heimdallar 2011. „Mér fannst gaman en var líka mikið milli tannanna á fólki. Hálfu ári eftir að ég hætti sem formaður ákvað ég að skipta mér minna af, segja nei við verkefnum innan flokksins, boð í nefndir og annað. Ég hugsaði, maður er mættur í Sjálfstæðisflokkinn 21 árs. Er það staðurinn sem ég vil vera á? Það var ekkert sjálfsagt."

Ummæli Áslaugar Örnu um að fólk ætti að hafa val um að kaupa sér hvítvín með humrinum á sunnudögum vöktu athygli. Sitt sýndist hverjum. Hún segir umtalið hafa spilað inn í ákvörðun hennar um að draga sig í hlé á sínum tíma.

„Ég segi þetta í viðtali. Það var allt fundið þessu til foráttu. Þetta væru hræðileg skilaboð sem ég væri að senda út. Ég væri snobbuð og veruleikafirrt," segir hún.

„Það er svo sérstakt að þegar maður talar um litlu frelsismálin verður allt vitlaust. Mér finnst mikilvægt að ræða þau, eins og áfengisfrumvarpið. En ég er komin með þykkan skráp, kannski hafði maður bara gott af þessu. Undirbúningur fyrir pólitíkina," segir Áslaug kímin.

„Ég held að þetta sé ein af ástæðunum fyrir að við fáum ekki nógu margt gott fólk í pólitíkina. Fólk staldrar við og hugsar hvort það eigi á annað borð að stíga inn á þennan vígvöll – hafa skoðanir. Það er ekkert nýtt að stjórnmálamenn fái gagnrýni, hún er af hinu góða og nauðsynlegt að fólk í stjórn landsins fái aðhald. En persónuníð og þessi kúltúr sem hefur skapast á samfélagsmiðlum fælir fólk frá."

### Þau eru öll eins

Áslaug segir síðasta landsfund hafa skipt sköpum. „Ég starfaði með ungum sjálfstæðismönnum fyrir landsfundinn að málefnavinnu. Ég hugsaði með mér, ef þessi landsfundur er ekki til í að taka á móti unga fólkinu og hlusta á hugmyndir, breyta stefnuskránni eða bæta hana, þá held ég að ég beili. En þessi landsfundur var öðruvísi . Fólk hlustaði. En þegar forystufólkið okkar sat í panel og ég horfði á þau, hugsaði ég: þau eru öll eins. Ég spyr um þennan aldursmun og hvað sé hægt að gera í því til þess að okkar hópur endurspegli kjósendur betur. Ég fékk engin svör. En ég gat svarað með því að bjóða mig fram til ritara."

*Fjölskylda þín hefur verið virk í flokknum, kom aldrei annar flokkur til greina?* „Ég vil að þeir sem búa hér, sem eru ekki svo margir, geti búið við góð lífskjör, lága skatta og að velferð almennings sé tryggð. Það eru grunngildi Sjálfstæðisflokksins. Ég er ekki sammála flokknum í öllu. Þetta er ekki blind trú eins og á íþróttafélag. Það má aldrei verða. Mér finnst mikilvægt að maður sé ósammála og skýr með það." Hún segir að sjálfstæðismenn verði að átta sig á að það sé í lagi þó ekki allir séu sammála.

> Mér finnst að fyrir þá sem þurfa á velferðarkerfinu að halda eigi þetta að virka meira eins og ferðaskrifstofa. Þú átt að geta sagt: ég er svona og mig vantar þetta. Hvaða réttindi hef ég?

### Ungt fólk fast á leigumarkaði

Áslaug segir brýnustu málefni ungs fólks húsnæðismál. „Það hefur alltaf verið erfitt að eignast húsnæði en nú er eins og stjórnmálamenn hafi kappkostað að koma sem flestum á leigumarkað. Ungt fólk þekkir vel hvernig það er að festast á leigumarkaði, þú nærð ekki að safna þér fyrir íbúð. Mér finnst að pólitík eigi alltaf að huga að valfrelsi, í hvaða málum sem er. Við viljum hafa leigumarkaðinn góðan fyrir þá sem vilja vera þar en við getum ekki skilið eftir alla þá sem vilja eignast húsnæði."

Fyrst og fremst þurfi að minnka gjaldtöku ríkisins. Hún segir hægt að lækka kostnað með því að fella niður gjöld sem fylgja byggingaframkvæmdum.

„Ef þessi gjaldtaka hins opinbera yrði minnkuð má minnka kostnað um 15-20 prósent. Það gerir 4-5 milljónir af 30 milljóna króna íbúðum. Það munar um minna. Svo er miklu meiri eftirspurn en framboð."

### Fengið sinn skerf af mótlæti

Áslaug segir að eflaust dæmi margir hana sem reynslulitla. Hún hefur þó fengið sinn skerf af mótlæti á ævinni. Hún missti móður sína úr krabbameini 2012, faðir hennar barðist líka við krabbamein og yngri systir hennar er fötluð. Hún segir reynsluna hafa mótað sig. Hún þekki innviði heilbrigðis- og velferðarkerfisins vel.

„Þó það sé skrítið að segja það, þá veit ég ekki hvort ég væri hér að tilkynna um þingframboð, ef ég hefði ekki alist upp með fötluðu systkini eða ekki misst mömmu. Maður hefur séð hversu mikilvægt heilbrigðiskerfið er. Það er ekki síst þess vegna sem ég vil tala um forgang. Ríkið þarf að einbeita sér að þessum málum en ekki eyða púðri í annað. Það er hægt að setja rammann í forgang, sem er heilbrigðis-, velferðar-, mennta- og öryggismál."

### Ekki þjónusta fyrir fólk

Hún segir líka að ýmislegt mætti betur fara í málefnum fatlaðs fólks. Systir hennar notast við svokallaða NPA-aðstoð, notendastýrða persónulega aðstoð.

„Við höfum verið að berjast í gegnum velferðarkerfið. Það virkar svolítið eins og þetta sé ekki þjónusta fyrir fólk. Þú þarft að sækja um hvert einasta smáatriði. Það er ekkert gegnsætt. Mér finnst að fyrir þá sem þurfa á velferðarkerfinu að halda eigi þetta að virka meira eins og ferðaskrifstofa. Þú átt að geta sagt: ég er svona og mig vantar þetta. Hvaða réttindi hef ég? Í staðinn fyrir að þurfa að berjast á hæl og hnakka fyrir hverju einasta atriði."

„Systir mín þarf t.d. að sanna á hverju ári að hún sé enn þá fötluð til þess að fá þjónustu. Henni mun aldrei batna. Manni finnst nógu erfitt að hún spyrji mann að því af hverju hún sé fötluð, af hverju hún geti ekki gert hitt og þetta eins og ég. En að þurfa líka sýna fram á það við kerfið er erfitt."

Hún segir miður að NPA-þjónustan sé tilraunaverkefni. Því fái þau samning ár fram í tímann, hverju sinni. „Þetta er búið að vera prufuverkefni í mörg ár. NPA virkar þannig að það er verið að borga undir hana aðstoðarfólk, sem hún ræður inn sjálf og er með aðstoð allan sólarhringinn. Hún býr í eigin íbúð, á bíl sem aðstoðarfólkið keyrir. Hún er frjáls. Getur komið í heimsókn til mín hvenær sem hún vill eða farið á djammið. Fyrst var þetta bara aðstoð á daginn, svona eins og hún væri bara fötluð á daginn en ekki á nóttunni, en sem betur fer hefur það breyst."

Áslaug segir ekki mikinn vilja til að lögfesta þetta form. „Það hentar ekki öllum hið sama. Sambýli hentar fullt af einstaklingum með fötlun en NPA-þjónusta öðrum. Allt snýst þetta um hvernig við getum gert þessu fólki lífið eins eðlilegt og hægt er. Fyrir systur mína er mikilvægt að hún sé með aðstoðarfólk sem henni finnst skemmtilegt. Þú átt að geta ráðið því sjálfur hverja þú umgengst og eru með þér á persónulegum stundum. Ég myndi aldrei búa eða eyða tíma með einhverjum sem mér finnst erfiður eða leiðinlegur."

### Á leið út á sjó

Áslaug Arna er á öðru ári í master í lögfræði. „Mig langar ekki að sækja um strax á lögmannsstofu. Ef ég verð lögmaður mun ég setjast við skrifborð og vera þar eftir þessi fimm ár í lagadeildinni. Ég sá að þessi sumur sem maður hefur langaði mig að gera sem fjölbreyttasta hluti."

Og það hefur hún gert. Starfað sem blaðamaður, lögreglumaður og í sumar bætist við nýtt starf á ferilskrána. „Ég er á leiðinni út á sjó, á makrílveiðar," segir Áslaug Arna hlæjandi.

**visir.is** Viðtalið má hlusta á í lengri útgáfu á Vísi, í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið.


olís
#SEGÐUSÍS
ICELANDAIR
4x
VILDARPUNKTAR ICELANDAIR
dagana 1.–3. júlí.
KOMDU VIÐ HJÁ OLÍS Í SUMAR!
Lukkunúmer á kassakvittun gefur glaðning. Glæsilegir vinningar
vikulega og enn glæsilegri aðalvinningar. Nánar á olis.is
olís
Vinur við veginn
PIPAR\TBWA • SÍA • 163164



# GRÍSARIF

## Fulleldud, aðeins 10 mín. á grilli, 4 tegundir af BBQ sósum

Extra mikil BBQ sósa í pakkningunum til að pensla eftir hitun.

Nýjar tegundir



- Sweet Baby Ray´s hunangs
- Sweet Baby Ray´s Orginal

- Kaldi BBQ
- Kaldi rótarbjórs BBQ

**Baby Back grísarif**
framleitt úr 1. flokks íslensku grísakjöti
- Hot And Spicy
- Teriyaki
- BBQ

Nýtt í Hagkaup



**Hagkaup salöt**
Kartöflusalat með beikoni, Grillsalat og Hrásalat



**Jack Daniel´s**
Þekktar fyrir gæði og karakter.

499 kr/stk
verð áður 599



**Hvítlauks-Osta grillbrauð**
Hentugt og fljótlegt meðlæti



**Sun Lolly drykkir**
3 bragðtegundir, 6 stk. í pakka.

Nýtt í Hagkaup



**Ballerina**
Súkkulaði og hindberja, súkkulaði og appelsínu.



**Santa Maria kryddkvarnir**
Ferskara krydd - nýmalað.

Gildir til 3. júlí á meðan birgðir endast.



## GUY FIERI SÓSUR OG MARINERINGAR

GRILLAÐU MEÐ VERÐLAUNASÓSUM GUY FIERI.

2 NÝJUNGAR, APPLE OG ROOT BEER.



**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

NAUTAAT

# NAUT HELGARINNAR



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

**UNGNAUTA-RIBEYE**
3.599 kr/kg
verð áður 4.799

ÍSFUGL



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

**KALKÚNASNEIÐAR MARINERAÐAR**
1.649 kr/kg
verð áður 2.199

ÍSLANDS LAMB



TILBOÐ 10% afsláttur á kassa

**LAMBAFILE**
3.959 kr/kg
verð áður 4.399

Holta



TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

**KJÚKLINGALUNDIR FERSKAR**
2.319 kr/kg
verð áður 2.899

NAUTAAT



TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

**PIPARSTEIK**
2.799 kr/kg
verð áður 3.998

SS



TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

**GRAND ORANGE LAMBAFILE**
4.719 kr/kg
verð áður 5.899

## ÞESSAR VERÐUR ÞÚ AÐ SMAKKA!

VIÐ ELSKUM AÐ GRILLA

Nýtt í Hagkaup




HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Ómöguleikinn



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Þó svo að Bretar vandræðist dálítið þessa dagana með niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu þeirra um úrsögn úr Evrópusambandinu þá vekur í það minnsta eitt athygli sem gæti verið íslenskum ráðamönnum til eftirbreytni.

David Cameron, forsætisráðherra Breta og formaður Íhaldsflokksins, brást nefnilega við á þann máta sem viðeigandi er andspænis niðurstöðu kosninga sem kallaði á leið sem hann var ekki sammála. Hann sagði af sér og lætur aðra um að leiða þjóð sína þá leið sem hún kallar eftir í atkvæðagreiðslunni.

Bretar kannast líklega ekki við hugtakið „pólitískur ómöguleiki“ sem hér var flaggað þegar svikin voru loforð sem gefin voru fyrir þingkosningar um að halda hér atkvæðagreiðslu um áframhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Því auðvitað er ekkert til sem heitir pólitískur ómöguleiki. Það eru haldnar kosningar og svo er brugðist við niðurstöðunni. Treysti menn sér ekki til að framfylgja vilja þjóðarinnar þá víkja þeir. Þannig er haldið á málum í þróuðum lýðræðisríkjum.

Hitt er svo annað mál hvort halda eigi þjóðaratkvæðagreiðslu um hvaða mál sem er. Íbúar í Kaliforníu í Bandaríkjunum fóru til dæmis langleiðina í að setja ríkið á hausinn með því að kjósa um skattamál. Þá má velta fyrir sér hvort heppilegt sé að setja mjög flókin mál og samninga í atkvæði hjá almenningi sem ef til vill er ekki í aðstöðu til að kynna sér þau til hlítar og kýs þá fremur eftir tilfinningu, eða rökum (sönnum eða ósönnum) þeirra sem hæst í lætur.

Breski rithöfundurinn Philip Pullman skrifaði grein í breska dagblaðið The Guardian um síðustu helgi þar sem hann átelur David Cameron fyrir ábyrgðarleysi með því að reyna að friðþægja þann arm flokks síns sem lengst er til hægri með því að bjóða yfirhöfuð upp á þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhaldandi aðild að ESB.

Pullman segist þeirrar skoðunar að slíkar atkvæðagreiðslur ættu yfirleitt ekki að eiga sér stað í ríki sem byggi á þingbundnu lýðræði. „Ferlið rennur allt of auðveldlega í far háværs popúlisma. Við kjósum þingmenn til þess að þeir geti haft tíma og úrræði til að taka mikilvægar ákvarðanir. Það er það sem þeir eiga að gera,“ segir hann í greininni.

Ef Bretar hefðu hins vegar haft á að skipa „almennilega úthugsaðri stjórnarskrá, í stað rykfallinna, myglaðra, sjúkra og rotnandi leyfa af stagbættum, samtvinnuðum, bólgnum, afskræmdum, lekum og lyktandi bálki,“ að mati Pullmans, þá hefðu þeir aldrei komist í þá stöðu sem þeir nú eru í.

Úrsagnarmenn eru nefnilega á harðahlaupum frá upphrópunum sínum um ágæti Brexit og fólk að vakna upp við vondan draum um afleiðingar atkvæðagreiðslunnar. Allar líkur eru á að Bretland verði víti til varnaðar fremur en upprisa einhverrar sjálfstæðisbaráttu.

Sem aftur leiðir hugann að því hvað líður endurbótum á stjórnarskránni hér. Til þess eru vítin að varast þau.

**Bretar kannast líklega ekki við hugtakið „pólitískur ómöguleiki“ sem hér var flaggað þegar svikin voru loforð sem gefin voru fyrir þingkosningar.**

ALLA DAGA VIKUNNAR Í OPINNI DAGSKRÁ KL. 18.30



VIÐ FLYTJUM ÞÉR
FRÉTTIRNAR
Fréttir Stöðvar 2, í opinni dagskrá alla daga vikunnar, alla daga ársins, kl. 18.30.
365 FRÉTTASTOFA

### Halldór




## Frá degi til dags

**Lög og reglur**

**Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti Framsóknarflokksins og flugvallarvina í Reykjavík, ætlar að snúa aftur til starfa sinna í þágu borgarbúa. Regluvörður komst að því að Sveinbjörg Birna hefði átt að skrá upplýsingar um félögin Lögmenn Hamraborg 12 ehf., Immoice ehf., og P10 ehf. sem hún gerði ekki. Því braut hún gegn reglum borgarstjórnar um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar. Þá vitum við það. Ef þú ferð ekki eftir reglum um hagsmunaskráningu áttu afturkvæmt í borgarstjórn. Aðalatriðið er að mati borgarfulltrúans að hún fór ekki á svig við gildandi lög.**

**Vika frá sögulegum ESB kosningum**

**Nú er vika síðan Bretar gengu að kjörborðinu og kusu sig úr ESB. Það er áhugavert að velta fyrir sér kosningunum sjálfum. David Cameron vildi vera áfram í ESB en ákvað samt sem áður að standa við loforð sitt. Cameron tók ósigrinum og sagði af sér morguninn eftir. Hér á landi hafði formenn stjórnarflokkanna ekki staðið við sitt loforð um kosningar um áframhaldandi viðræður við ESB. Líklega er það svo að menn eru hræddir við að þurfa að gera það sama og Cameron gerði. Stólarnir eru mikilvægari en loforðin hér á landi.** sveinn@frettabladid.is

## Hefðbundinn skotgrafahernaður



Oddný G. Harðardóttir
formaður Samfylkingarinnar

Í grein í Fréttablaðinu 29. júní ítrekar iðnaðar- og viðskiptaráðherra áhugaleysi sitt á opinberri þjónustu við almenning. Ég og ráðherrann erum sammála um jákvæð áhrif ferðaþjónustunnar á þjóðarbúið, en það skilur á milli þegar kemur að því að afla tekna af ferðamönnum til að standa undir notkun þeirra á almannaþjónustu. Ráðherrann vill meina að ég standi fyrir hefðbundinni vinstrimennsku þegar ég legg til að við öflum meiri tekna til að standa undir nauðsynlegri uppbyggingu. Ég tel hins vegar að um heilbrigða skynsemi sé að ræða og að með tillögunni sé gætt að brýnum hagsmunum þjóðarinnar.

Ráðherra segist hafa mótað stefnu og stofnsett Stjórnstöð ferðamála. Það er bara ekki nóg til að takast á við áður óþekkta fjölgun ferðamanna. Við þurfum aðgerðir til að mæta gjörbreyttum aðstæðum. Aðgerðarleysi iðnaðar- og viðskiptaráðherra býður upp á aukinn átroðning, skort á hreinlætisaðstöðu, aukið álag á bráðamóttöku, sjúkraflutninga, lögreglu og hjálparsveitir og hærri slysatíðni bæði á vegum og á ferðamannastöðum.

Það er í raun undarlegt að ráðherrann telji að það þurfi ekki að afla frekari tekna því hún mælti sjálf fyrir náttúrupassanum sáluga einmitt til að afla frekari tekna af ferðamönnum. Gjaldtakan sem Ragnheiður Elín mælti fyrir var flókin og óaðgengileg enda komst frumvarpið ekki einu sinni til 2. umræðu í þinginu. Hugmynd mín um að færa virðisaukaskatt á gistingu úr neðra þrepi í almennt þrep er einföld aðgerð með skýru lagaumhverfi sem gæti skilað 10 milljörðum árlega í auknar tekjur.

Stærsta atvinnugrein þjóðarinnar sem byggir afkomu á einstakri náttúru Íslands þarf að leggja sitt af mörkum til þjóðfélagsins. Öðruvísi verður ekki sátt um starfsumhverfi hennar. Ný ríkisstjórn verður að tryggja betri vegi, sterkari heilbrigðisþjónustu og ekki síst öryggi og ánægju ferðamanna. Staðan er alvarleg en núverandi ráðherra ferðamála býður okkur upp á hefðbundinn skotgrafahernað í stað raunhæfra lausna.

**Ráðherra segist hafa mótað stefnu og stofnsett Stjórnstöð ferðamála. Það er bara ekki nóg til að takast á við áður óþekkta fjölgun ferðamanna.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Á hæsta tindi hamingjunnar

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

> **En ólíkt fótboltanum—þar sem kostirnir eru æpandi áberandi—þá er ávinningurinn af alþjóðlegu samstarfi hljóðlátur og hægbítandi.**

Íslendingar hafa verið eins og í fjallgöngu á undanförnum vikum. Um leið og við höfum talið að við stæðum á hæsta tindi hamingjunnar—þá blasir við annar ennþá hærri.

Á sunnudag er stærsti íþróttaviðburður í sögu Íslands. Leikurinn gegn Frakklandi veltir af stalli leiknum gegn Englandi, sem fékk að vera stærsti leikur sögunnar í tæpa viku. Hvernig ætli leiknum gegn Portúgal líði? Hann var líka einu sinni stærsta stund íslenskrar íþróttasögu. Nú er hann bara fjarlæg minning um hversu bláeyg við vorum þegar við héldum að það væri skemmtilegast í heimi að komast á stórmót—áður en við komumst að því hvað það er gaman að sigra á stórmóti.

Ekkert toppar þá síendurteknu og samhæfðu tilfinningalegu fullnægingu sem íslenska þjóðin hefur upplifað á síðustu vikum. Fótboltinn er sannarlega kraftaverk.

### Fúnir forkólfar

En það er fiskur undir steini. Eins og alkunna er þá er stjórnarfarið í kringum alþjóðlega knattspyrnu fremur bágborið. Þeir háu herrar sem hæst hafa klifið valdastigana í alþjóðlegu íþróttahreyfingunni hafa undantekningarlítið reynst vera gjörspilltir óþokkar. Þetta virðist eiga við í nánast öllum helstu íþróttagreinum—þótt það sé auðvitað mest áberandi í kringum FIFA, UEFA og Alþjóðlegu Ólympíunefndina.

Óánægja og hneykslun yfir framferði forkólfanna í þessum fjölþjóðastofnunum hefur farið stigvaxandi á undanförnum árum og nú loks virðist vera farið að sjá fyrir endann á því að þeir geti hagað sér að vild án afleiðinga. Þótt fyrr hefði verið.

En íþróttirnar sjálfar eru stærri en þeir einstaklingar sem hafa misnotað aðstöðu sína í æðstu stjórnlögum íþróttahreyfingarinnar. Það mun enginn leyfa Sepp Blatter að skemma gleðina yfir fótboltanum.

### UEFEXIT?

Alþjóðlegt samstarf er vandmeðfarið og alls konar spilling hefur löngum loðað við það. Þetta á ekki bara við á sviði íþróttanna heldur hafa ljót spillingarmál einnig sett svartan blett á Evrópusambandið, Sameinuðu þjóðirnar og mörg fleiri alþjóðleg samtök sem ætlað er að standa vörð um háleitar og góðar hugsjónir.

Óviðfelldinn hroki og spilling æðstu embættismanna Evrópusambandsins réð líklega töluverðu um niðurstöðu hinnar svokölluðu Brexit-kosningar í síðustu viku. Margir þeirra sem studdu Brexit sögðust einmitt vera heilshugar sammála öllum þeim helstu hugsjónum sem Evrópusamstarfið stendur fyrir—svo sem markaðsfrelsi og mannréttindi—en treystu einfaldlega ekki Evrópusambandinu til þess að standa vörð um þær.

En Bretar eru líka óánægðir með það sem gerist í FIFA og UEFA; algjörlega óháð óhamingjunni yfir að hafa tapað fyrir Íslandi síðasta mánudag. Ólíkt spurningunni um ESB þá er þó ekki sennilegt að Bretland muni á næstunni kljúfa sig út úr alþjóðlegu íþróttahreyfingunni.

### Séríslenskur fótbolti

Í íþróttum er ávinningurinn af alþjóðlegu samstarfi nefnilega augljós. Hann er svo mikill að við gerum okkur grein fyrir því að það er þess virði að viðhalda því þrátt fyrir stóra galla. Knattspyrnunni sjálfri yrði ekki gerður greiði með því að í staðinn fyrir alþjóðlegt skipulag stórmóta yrðu einungis svæðisbundin mót og að hvert land hefði sínar sérstæðu og sjálfstæðu reglur um alla hluti.

Það væri til dæmis ekki góð hugmynd ef KSÍ tæki upp á því að hafa allt aðrar reglur fyrir íslenska knattspyrnu heldur en gengur og gerist í heiminum—til dæmis að stækka markið um helming og hafa tvo markmenn, að afnema rangstöðuregluna eða leyfa öllum leikmönnum að nota hendur inni í eigin vítateig.

Jafnvel þótt KSÍ tækist að þróa miklu skemmtilegri reglur en þær sem nú gilda um heim allan, þá myndu örugglega fleiri vilja að Ísland væri gjaldgengt á alþjóðlegum knattspyrnumótum heldur en að við værum best í heimi í íþrótt sem enginn annar stundar.

### Ósýnilegur ábati

Samvinna Evrópuríkja um markaðsfrelsi lýtur meðal annars að því að tryggja einstaklingunum sjálfum rétt til þess að geta stundað viðskipti sín á stærra markaðssvæði án afskipta stjórnvalda. Og hún snýr líka að því að einstaklingar geti ferðast óhindrað á milli staða án þess að vera múlbundnir af fæðingarstað sínum eða dyntum stjórnmálamanna. Þetta eru mjög stórir kostir í hugum flests nútímafólks.

En ólíkt fótboltanum—þar sem kostirnir eru æpandi áberandi—þá er ávinningurinn af alþjóðlegu samstarfi hljóðlátur og hægbítandi. Það er ekkert í stjórnmálum sem kallar fram viðlíka sameiginlega gleði eins og sigrar í íþróttum; nema ef vera skyldi endalok stríðsátaka—og engum dettur í hug að slík gleði sé fórnarinnar virði.

Þrátt fyrir að við verðum ekki endilega áberandi vör við það frá degi til dags njóta allir Evrópubúar margvíslegs ávinnings af markaðsfrelsi og mannréttindum sem fastbundið hefur verið í alþjóðlegu samstarfi og sáttmálum. Og rétt eins og í fótboltanum þá nýtur Evrópa þessara kosta þrátt fyrir, en ekki vegna, embættismannanna sem hafa raðað sér á jötuna í Brussel.

### Hvernig gat þetta klúðrast?

Margir þeirra sem hafa mikla trú á markaðsfrelsi og mannréttindum hafa fengið upp í kok af Evrópusambandinu og fagna útgöngu Breta. Ef við erum heppin þá mun útgangan skila sér í einbeittara samstarfi milli ríkja á þeim sviðum þar sem samstarf á rétt á sér. Ef við erum óheppin og forystumenn ESB og Bretlands verða nógu heimskir og þverir—þá gæti Brexit verið fyrsta skrefið í átt að aukinni hólfaskiptingu og einangrun milli ríkja Evrópu.

Í stað þess að samfélögin færist nær því að vera eins og fótboltinn—þar sem hægt er að treysta á að tilteknar grundvallarreglur séu hafðar í heiðri—þá munu sumir vilja spila með tvo bolta í einu, aðrir með fjögur mörk á vellinum og allir heimta að völlurinn hallist þannig að boltinn renni frekar í átt að marki andstæðinganna en sínu eigin.

Ef þannig fer þá munu ekki líða mörg ár þangað til fólk fer að horfa aftur til þeirra tíma sem við lifum nú og hugsa: „Hvernig fórum við að því að klúðra þessu?“

# „Those were the days“



Ellert B. Schram
fyrrverandi formaður KSÍ

> **Þetta er ávöxtur langrar og stórmerkilegrar sögu knattspyrnunnar hér á landi. Uppskera starfs og framlags margra kynslóða áhugamanna og leiðtoga íslenskra knattspyrnufélaga.**

Ég hef eins og aðrir Íslendingar fylgst með Evrópukeppninni og bíð spenntur eftir leiknum gegn Frökkum í átta liða úrslitum. Stærstu stundar íslenskrar karlaknattspyrnu. Íslenskra íþrótta. Tek þátt í fagnaðarlátunum og spenningnum og er svo heppinn að vera boðinn til Parísar til að vera viðstaddur þennan atburð, með öndina í hálsinum.

Rifjum aðeins upp fortíðina og aðdragandann.

Mér verður hugsað til landsleikjasögu Íslands. Ég var sex ára þegar Ísland spilaði sinn fyrsta landsleik 1946. Gegn Dönum. Var þá í sveitinni og sá ekki þann leik. Var aftur í sveitinni þegar Ísland vann Svía 4-3, árið 1948, og Ríkharður Jónsson skoraði öll mörkin. Fyrsti landsleikurinn sem ég sá, var gegn Dönum 1953. Á Melavellinum, með Albert Guðmundsson í fararbroddi.

Á sjötta áratugnum tók Ísland þátt í undankeppni Evrópu. Belgar og Hollendingar voru meðal andstæðinganna. Knattspyrnusambandið samdi við þessi tvö lönd að leika heimaleiki Íslands úti. Fjárhagurinn leyfði ekki að taka á móti útlendingum til að spila „bara“ landsleik.

Svo kom að því að ég lék með landsliði Íslands á sjöunda áratugnum. Áður en efnt var til Evrópukeppni, áður en nokkur þjóð nennti að ferðast til Íslands til að spila fótbolta. Bermúda kom, Færeyingar og stundum Norðmenn og svo tókum við þátt í mótum sem voru fyrir amatöra, en voru eftirsóttar uppákomur fyrir íslenska áhugamenn um fótboltann. Ég man eftir leik í London gegn áhugamannalandsliði Englendinga, þar sem völlurinn hallaði frá vinstri kanti til hægri um að a.m.k. hálfan annan metra. Tveir voru sendir af velli í enska liðinu en þeir unnu samt, tvö – núll. Ég man líka eftir leik gegn áhugamannaliði Spánverja í Madrid, í 35 stiga hita. Allt í einu brunaði kantmaðurinn í spænska liðinu upp kantinn óáreittur og lagði upp mark. Ég, aftasti maður í vörn og fyrirliði, spurði fúlbakkinn: hvar varst þú? Og svarið var: Æ, ég færði mig yfir á hinn vallarhelminginn til að hvíla mig frá sólinni, hún var alveg að drepa mig.

Svo fórum við einu sinni í landsleikjaferð til Noregs og Finnlands og eftir að fyrri leiknum var lokið var gert ráð fyrir að leikmennirnir hvíldu sig á milli leikja. Einhvern veginn tókst þeim að smeygja sér út um glugga á annarri hæð og komast á næturrölt. Ég var svo „heppinn“ að vera meiddur á fæti og komst ekki með. Þetta var nú aginn í þá daga.

### Framlag margra kynslóða

Á áttunda og níunda áratugnum gegndi ég formennsku í knattspyrnusambandinu. Það voru ekki miklir peningar í handraðanum hjá KSÍ á þeim árum. Þegar landsleikur var leikinn í Laugardalnum var mesta áhyggjuefni KSÍ stjórnarinnar fyrir leik, hvernig veðrið yrði. Í roki og rigningu kom nánast enginn á völlinn. Við efndum til bingós og happdrættis og höfðum bíl í verðlaun. Stærsti sigurinn var þegar vinningurinn gekk ekki út. Það bjargaði fjárhagnum.

Nokkrir voru atvinnumenn í útlöndum, svo sem Ásgeir Sigurvinsson, Atli Eðvaldsson og Arnór Guðjohnsen. Arnór meiddist einu sinni í landsleik og það tók knattspyrnusambandið mörg ár að borga klúbbnum (í Belgíu) skaðabætur, fyrir að meiðast á okkar ábyrgð!



**Ásgeir Sigurvinsson skallar boltann í leik Íslands og A-Þýskalands á Laugardalsvelli 1973.**

Þannig gæti ég haldið áfram að rifja upp þessa sögu og líka að rifja upp að íslenska landsliðið sigraði Austur-Þjóðverja, sem þá voru Ólympíumeistarar, 2-0. Þá var kátt í höllinni. Ég bauð liðinu heim á Stýrimannastíginn í Vesturbænum og fagnaðarlátunum lauk undir morgun og enginn kvartaði í hverfinu!

Já, svona var nú fótboltinn í þá daga. Ég hef auðvitað haldið áfram að fylgjast með knattspyrnunni. Ég sé ekki eftir því. Sérstaklega ekki, þegar mér gefst nú tækifæri til að setjast í heiðursstúkuna á áttatíu þúsund manna leikvellinum í París og hrópa „áfram Ísland“ í baráttu til að komast í undanúrslit í sjálfri Evrópukeppninni. Þetta er ekki öskubuskuævintýri. Þetta er ekki draumur.

Þetta er ávöxtur langrar og stórmerkilegrar sögu knattspyrnunnar hér á landi. Uppskera starfs og framlags margra kynslóða áhugamanna og leiðtoga íslenskra knattspyrnufélaga. Hvernig svo sem leikurinn fer á sunnudaginn, þá er afrekið þegar unnið. Sigrarnir. Frammistaðan. Úrslitin.

# Framtíð almenningssamgangna



Bryndís Haralds,
stjórnarformaður Strætó bs.

> **Bílaumferð hefur vaxið mikið en afkastageta vegakerfisins ekki aukist í sama magni. Þrátt fyrir tillögur sveitarfélaganna um miklar framkvæmdir til að bæta afkastagetu vegakerfisins þá mun það ekki duga til ef ekki verður breyting á samgöngumátum höfuðborgarbúa á sama tíma.**

Almenningssamgöngur verða sífellt mikilvægari hluti af höfuðborgarsvæðinu. Íbúum á svæðinu fjölgar, sprenging er í fjölda ferðamanna og aukin umhverfisvitund gerir það að verkum að fyrirtækið Strætó bs. er eitt af mikilvægustu þjónustufyrirtækjum í almannaþágu.

Höfuðborgarsvæðið stendur á ákveðnum krossgötum varðandi þróun byggðar. Á síðustu áratugum hefur höfuðborgarsvæðið þanist út og uppbygging ekki tekið mið af því hvernig hægt er með hagkvæmum hætti að veita þjónustu á sviði almenningssamgangna. Bílaumferð hefur vaxið mikið og afkastageta vegakerfisins ekki aukist í sama magni. Þrátt fyrir tillögur sveitarfélaganna um miklar framkvæmdir til að bæta afkastagetu vegakerfisins þá mun það ekki duga til ef ekki verður breyting á samgöngumátum höfuðborgarbúa á sama tíma. Nýtt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins markar samkomulag sveitarfélaganna um breyttar áherslur. Byggð mun ekki þenjast meira út, þéttleiki verður aukinn og öflugum almenningssamgöngum er markað lykilhlutverk í þróun svæðisins.

### Yfir 10 milljónir á ári

Farþegum Strætó hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum og nú eru farþegar yfir 10 milljónir á ári hverju. Farþegum mun halda áfram að fjölga og það umtalsvert enda hafa sveitarfélögin, eigendur Strætó bs., sett sér það markmið að auka hlutfall þeirra sem nota almenningssamgöngur. Í dag eru rúmlega 4% allra ferða á svæðinu farnar með strætó en markmiðið er að árið 2040 verði þetta hlutfall orðið a.m.k. 12%.

Þetta þýðir að skipulag og uppbygging á svæðinu þarf að taka mið af því hvort þar verði öflugar og góðar almenningssamgöngur eða ekki. Æskilegt er að verslun og þjónusta sé ávallt í góðum tengslum við almenningssamgöngur og almennt ættu fyrirtæki að horfa til þess þegar þau velja sér staðsetningu hvort almenningssamgöngur á svæðinu séu góðar. Fólk sem kýs að nýta sér almenningssamgöngur ætti einnig að huga að því þegar það velur sér búsetu hvernig þjónustu strætó er háttað í hverfinu. Þjónustan er almennt betri þar sem þéttleiki er meiri. Strætó bs. leggur áherslu á að veita hagkvæma og góða þjónustu sem getur verið samkeppnishæf við einkabílinn, þar sem því verður við komið. Þar sem byggðin er dreifðari verður erfiðara að bjóða upp á þjónustu sem stenst samkeppni við einkabílinn. Þjónusta strætó verður aldrei eins eða jafn góð alls staðar, það væri einfaldlega óraunhæf krafa.

Eftir sigurinn á Englandi á mánudag og kærkomið frí í fyrradag tók alvaran við hjá íslenska landsliðinu í gær. Ísland spilar enn og aftur sinn stærsta leik frá upphafi þegar gestgjafar okkar verða andstæðingar Íslands í 8-liða úrslitum EM á þjóðarleikvanginum Stade de France.



Strákarnir byrjuðu æfinguna í Annecy í gær á því að fara í skallatennis. Lars Lagerbäck fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þurfum að sanna okkur aftur

EM2016

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is

**FÓTBOLTI** Leikmenn íslenska landsliðsins hófu í gær formlegan undirbúning sinn fyrir leikinn gegn Frakklandi í 8-liða úrslitum Evrópumótsins á Stade de France á sunnudag. Strákarnir fengu frí í fyrradag og nýttu sumir tímann til að fara í golf en aðrir tóku því rólega í Annecy, þeim fallega bæ sem skartaði sínu allra fegursta í gær.

Þjálfararnir voru fljótir að kippa leikmönnum niður á jörðina eftir sigurinn gegn Englandi en Lars Lagerbäck, annar landsliðsþjálfara Íslands, hafði sérstaklega orð á því á blaðamannafundi í fyrradag að hann hefði þurft að minna leikmenn sérstaklega á að halda fullri einbeitingu og fagmennsku, eftir að sumir mættu of seint í kvöldmat.

„Auðvitað tekur maður þetta til sín,“ sagði miðvörðurinn Kári Árnason um atvikið og félagi hans í vörninni, Ragnar Sigurðsson, tók í svipaðan streng.

„Það hefur komið nokkrum sinnum fyrir að menn gleyma hinu eða þessu. Þá verður alvöru kall eins og hann að skamma okkur aðeins,“ sagði Ragnar, sem segir að yfirleitt hafi leikmönnum gengið vel að halda sig á jörðinni.

„Við höfum bara verið nokkuð rólegir á leiðinni heim frá leikjum, þó svo að við séum í skýjunum með árangurinn. Mér finnst að okkur hafi tekist ágætlega að halda ró okkar yfir öllu saman.“

### Svipað og gegn Englandi

Birkir Bjarnason var einnig í hópi þeirra leikmanna sem ræddu við fjölmiðla fyrir æfinguna í gær og reiknar hann, eins og allir í íslenska liðinu, með erfiðum leik á sunnudag.

„Frakkarnir eru með gríðarlega sterka einstaklinga og við þurfum að vera með allt okkar á hreinu til að fá eitthvað úr leiknum,“ sagði Birkir.

Kári segir að það hafi rétt svo verið byrjað að ræða við leikmenn um hvað hafi gengið vel gegn Englandi og hvað hafi farið illa.

„Það var gott að hlaða batteríin í gær, spila golf og hafa það rólegt. Nú förum við að snúa okkur að Frökkunum og byrjum að ræða þá í kvöld [í gærkvöldi],“ segir Kári.

Ragnar reiknar með svipuðum leik gegn Frakklandi og Englandi. „Bæði vegna þess að þetta eru svipuð fótboltalið og þá mun það ekki breytast að við erum taldir mun ólíklegri til að vinna leikinn og þurfum að sanna okkur aftur,“ sagði varnarmaðurinn sterki.

### Breytingar veikja ekki liðið

Varnarmaðurinn Adil Rami og miðjumaðurinn N'Golo Kante verða báðir í leikbanni í leiknum gegn Íslandi eftir að þeir fengu sína aðra áminningu í mótinu í leik Frakka gegn Írlandi í 16-liða úrslitunum.

„Miðað við þá leikmenn sem Frakkland á þá veikist liðið ekki neitt þrátt fyrir að það þurfi að fá aðra leikmenn í byrjunarliðið,“ sagði Heimir Hallgrímsson, en líklegast er að Samuel Umtiti og Eliaquim Mangala berjist um stöðu Rami í vörninni og þeir Moussa Sissoko og Yohan Cabaye um að koma inn á miðjuna.

„Það koma bara öðruvísi gæði inn í liðið. Þetta er líklega besti leikmannahópurinn í mótinu ef við mælum það út frá gæðum einstaklinganna.“

Leikurinn fer fram á sunnudag en liðið heldur til Parísar á morgun.

### Ekki gott að sjá sjálfan mig í viðtölum



Gera má ráð fyrir að hátt í 100 fulltrúar fjölmiðla víða að úr heiminum hafi verið á æfingu íslenska landsliðsins í Annecy í gærmorgun. Hópast var í kringum þá fjóra sem voru í viðtölum fyrir hönd landsliðsins í gær, þá Heimi Hallgrímsson, Ragnar Sigurðsson, Kára Árnason og Birki Bjarnason.

„Jú, þær eru afar mismunandi spurningarnar sem við fáum,“ sagði Ragnar um þau fjölbreyttu viðtöl sem leikmenn fara í. „Margar eru skrítnar og menn eiga misgott með að svara öllu saman.“

Sjálfum líður honum ekkert allt of vel í viðtölum. „Mér finnst þetta stundum erfitt. Mér finnst ekki gott að sjá sjálfan mig í viðtölum. Ég fæ alltaf einhvern kjánahroll. En þetta er hluti af pakkanum og maður verður að taka þátt í þessu.“

## Nýjast

**EM 2016 í Frakklandi í gær**

### 16 liða úrslit

**Pólland - Portúgal 1-1 (3-5)**
1-0 Robert Lewandowski (2.), 1-1 Renato Sanchez (33).

Portúgal tryggði sér fyrst liða sæti í undanúrslitum EM með sigri á Póllandi í vítaspyrnukeppni, 5-3. Rui Patricio, markvörður Portúgals, var hetja liðsins er hann varð spyrnu Jakub Blaszczykowski.

**Evrópudeild UEFA í fótbolta**

**KR - Glenavon 2-1**
0-1 Simon Kelly (14), 1-1 Pálmi R. Pálmason (40.), 2-1 Hólmbert Friðjónsson, víti (78.).

**Breiðablik - FK Jelgava 2-3**
0-1 Glebs Kļuškins (10.), 1-1 Daniel Bamberg (13.), 1-2 Valērijs Redjko (33.), 1-3 Mindaugas Grigaravičius (44.), 2-3 Oliver Sigurjónsson (96.).

**Valur - Bröndby**
Leiknum var ekki lokið er Fréttablaðið fór í prentun. Úrslit og umfjöllun má finna á Vísi.

**Pepsi-deild kvenna í fótbolta**

**Stjarnan - ÍA 6-0**
1-0 Harpa Þorsteinsdóttir (34.), 2-0 Katrín Ásbjörnsdóttir (41), 3-0 Katrín Ásbjörnsdóttir (49.), 4-0 Katrín Ásbjörnsdóttir (53.), 5-0 Harpa Þorsteinsdóttir - víti (57.), 6-0 Harpa Þorsteinsdóttir (59.).

**Inkasso-deildin í fótbolta**

| | |
|---|---|
| Leiknir | 1–0 Haukar |
| Selfoss | 0–2 KA |
| HK | 2–1 Fram |

**HILDUR ÞJÁLFAR BLIKAKONUR**
Hildur Sigurðardóttir, leikjahæsta landsliðskona Íslands í körfubolta frá upphafi, hefur verið ráðin þjálfari meistaraflokks kvenna hjá Breiðabliki. Hildur mun stýra Blikakonum í 1. deildinni á komandi tímabili. Hildur gerði þriggja ára samning við Breiðablik og hefur störf í dag. Breiðablik segir frá þessu á heimasíðu sinni. Hildur lagði skóna á hilluna vorið 2015 eftir að hafa unnið tvo Íslandsmeistaratitla með uppeldisfélagi sínu Snæfelli. Hún hafði áður orðið þrisvar sinnum Íslandsmeistari með KR.

**EVRA VANMETUR EKKI ÍSLAND**
Patrice Evra, landsliðsmaður Frakka, ætlar ekki að falla í þá gryfju að vanmeta íslenska liðið. „Margir vanmeta litlu þjóðirnar og telja að liðin séu minnimáttar. En við vitum nú eftir þetta mót að það getur verið mjög erfitt að spila gegn slíkum liðum. Eftir leikinn gegn Írlandi talaði við mig enskur blaðamaður sem gaf í skyn að næsti leikur okkar yrði gegn Englandi. Hann gerði eiginlega ráð fyrir því að England væri svo gott sem komið í 8-liða úrslitin. Ég sagði honum að við værum komnir áfram en að við skyldum svo sjá til. Það sem fer í taugarnar á mér er að fólk hefur einbeitt sér svo mikið að því hvað fór úrskeiðis hjá Englandi en gert lítið úr frammistöðu Íslands í leiknum. Maður á aldrei að vanmeta andstæðing sinn,“ sagði Evra.



## Í dag

**18.00 Bridgestone Invit.** Golfstöðin
**22.00 Sumarmessan** Sport

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
1. JÚLÍ 2016 FÖSTUDAGUR

Lífsstíll

# MAMMA SEM ROKKAR OG SKRIFAR BARNABÆKUR

**Birgitta Haukdal**, söngkona og barnabókahöfundur, situr við skriftir þessa dagana á milli þess sem hún sinnir börnum sínum tveimur. Tvær nýjar barnabækur koma út með haustinu þar sem Birgitta heldur áfram að fjalla um Láru og lífsreynslu hennar.



FRAMHALD Á SÍÐU 2





Glæsileg fjölskylda, Birgitta ásamt eiginmanninum, Benedikt, og börnunum Víkingi Brynjari og Sögu Júlíu.



Birgitta stendur með íslenska landsliðinu á EM eins og aðrir landsmenn. Þessi mynd var tekin þegar leikur Íslands og Englands stóð yfir.



Birgitta og Benedikt eru alvön ferðalögum um heiminn með börnin. Birgitta gefur foreldrum ungra barna ferðaráð í viðtalinu.



Birgitta nýtur sín vel í móðurhlutverkinu. Hún heldur úti síðunni Mamma rokkar á Facebook.



Á leið á leik Íslands og Ungverjalands.

» Það hefur ekki mikið borið á Birgittu undanfarið. Það er svo sem ekkert skrítið þar sem hún er í fullu starfi við að hugsa um átta mánaða dóttur sína, Sögu Júlíu, og soninn, Víking Brynjar, sem er sjö ára. Þar fyrir utan er fjölskyldan nýkomin frá Barcelona þar sem hún dvaldi í sumarfríi með viðkomu í Marseille þar sem fylgst var með leik Íslendinga og Ungverja.

„Það er ýmislegt sem ég er að sýsla við þessa dagana fyrir utan að vera mamma,“ segir Birgitta. „Ég er ein af þeim sem er alltaf að gera alls konar. Það er því varla hægt að segja að ég sé í fæðingarorlofi. Ég hef setið við skriftir, verið í sambandi við teiknara og er að undirbúa bækur fyrir prentun,“ greinir hún frá en fyrir jólin í fyrra komu út tvær barnabækur eftir hana, Lára lærir að hjóla og Lára fer í flugvél. „Það var upphafið að barnabókaseríu sem ég er að vinna við. Þetta eru bækur fyrir börn frá 2-7 ára. Ég ætlaði að koma með framhaldið núna í sumar en vegna anna náði ég því ekki. Þetta eru skemmtisögur með fræðsluívafi. Lára er venjulegt barn sem lærir eitthvað nýtt í hverri bók. Mér finnst ofsalega mikilvægt að krakkarnir okkar eigi raunverulega fyrirmynd en ekki einungis Disney-persónur og ofurhetjur. Ég vildi hafa Láru raunverulega og börnunum finnst þetta ævintýri vegna þess að þetta er eitthvað sem þau gera sjálf,“ útskýrir Birgitta sem segir að hennar eigin börn hafi orðið kveikjan að bókunum.

## Hvunndagshetja í bók

„Sonur minn hefur ótrúlega gaman af sögum. Ég var alltaf að lesa fyrir hann og fór síðan að búa til sögur. Hann hafði mest gaman af sögum þegar hann gat sett sig í fótspor söguhetjunnar, eitthvað sem gæti gerst hjá honum. Hann var minna hrifinn af skrímslinu undir rúminu. Mér fannst vanta nútímalegar bækur um það sem krakkar eru að gera í dag. Ég bjó í Barcelona í þrjú ár og byrjaði að skrifa þar. Úr því að syni mínum fannst þetta skemmtilegt þá myndu sögurnar kannski henta öðrum börnum líka,“ segir Birgitta. „Í nýju bókunum fer Lára í skíðaferðalag og í fjölskyldupartí þar sem fréttir af væntanlegu systkini lita kvöldið. Svo fylgir bangsinn Ljónsi Láru hvert fótmál. Mér finnst ótrúlega gaman að búa eitthvað til eftir eigin höfði. Ekki ólíkt og með músíkina,“ segir Birgitta en listrænir hæfileikar hennar hafa fyrir löngu sýnt sig.

## Syngur á sveitaballi

Þegar hún er spurð hvort hún hafi lagt tónlistina á hilluna, svarar Birgitta því neitandi. „Tónleikahald hentar ekki mjög vel fjölskyldulífi. Ég hef frekar kosið að nýta krafta mína með börnunum, enda mikil fjölskyldumanneskja. Samt er tónlistin enn í mínu lífi og ég get valið mér verkefni eftir því sem þau henta mér. Það eru mikil forréttindi fólgin í því. Ég ætla að syngja aðeins í sumar, meðal annars á sveitaballi á Mærudögum í minni heimabyggð seinna í júlí. Þar syng ég með hljómsveitinni 76 mafían,“ segir Birgitta, sem söng síðast á sveitaballi með norðlensku söngvurunum Magna Ásgeirssyni og Stefáni Jakobssyni fyrr í sumar. „Það var mjög skemmtilegt. Mér finnst rosalega gaman að stökkva stundum á sviðið en sakna þess þó ekki þar á milli. Ég var í tíu ár á fullu í músík en þá var ég barnlaus og það hentaði því vel að flækjast um landið. Svo breytist lífið og eitthvað annað kemst í forgang hjá manni.“

## Ráðleggur foreldrum

Birgitta nýtur sín mjög vel í mömmuhlutverkinu. Henni finnst það gefa sér mikla ánægju að vera með börnunum. „Enda þurfti ég að hafa mikið fyrir þeim og kann því svo sannarlega að meta þau. Það tók mörg ár fyrir mig að verða barnshafandi. Ég vil því gefa börnunum allan þann tíma sem þau þurfa,“ segir hún. „Þau eldast svo fljótt.“

Birgitta opnaði nýlega síðu á Facebook sem nefnist MAMMA ROKKAR og þar deilir hún reynslusögum með lesendum síðunnar. „Mig langaði til að búa til síðu fyrir mömmur þar sem hægt er að skiptast á reynslusögum. Stundum set ég inn spurningu og einhver mamma eða pabbi svarar henni. Það má líka setja inn spurningu og ég reyni að leita svara við henni. Ég er rosa glöð með þessa síðu og hef fengið góð viðbrögð við henni.“

Birgitta hefur reynslu af leiklist, hefur meðal annars verið í Ávaxtakörfunni og Grease auk þess sem hún hefur léð teiknimyndahetjum rödd sína í sjónvarpi. Það er aldrei að vita nema hún taki upp gítarinn og syngi þegar nýju bækurnar verða kynntar í haust. Það er ekki amalegt að geta blandað saman upplestri og söng.

## Ástin og Barcelona

Birgitta lærði spænsku þegar hún bjó í Barcelona ásamt manni sínum, Benedikt Einarssyni. „Mér fannst nauðsynlegt að læra málið til að komast betur inn í samfélagið. Maður drekkur meira í sig menninguna þegar hægt er að tjá sig á máli innfæddra. Þar fyrir utan er æðislegt að fara í tungumálanám á fullorðinsaldri og maður verður svo montinn yfir að ná árangri. Það er alltaf hægt að bæta við sig þekkingu,“ segir hún.

„Við eignuðumst marga góða vini í borginni sem við heimsækjum reglulega. Barcelona er dásamleg borg. Ef ég mætti ráða vildi ég setjast þar að en koma heim til að halda íslensk jól. Borgin er lítil og þægileg þótt þar búi margar milljónir. Hún er vissulega erilsöm en mikill munur er á Römblunni og þremur götum þar í kring í miðbænum og síðan öðrum svæðum borgarinnar. Ferðamenn eru í miðborginni þar sem lundabúðir Spánverjanna eru. Í hverfunum er allt önnur stemming og ótrúlega margt sem borgin hefur upp á bjóða. Þetta er yndisleg menningarborg. Í október getur maður skotist í pikknikk á ströndina í 18 stiga hita og hitt vini sína. Daginn eftir getur maður pakkað fjölskyldunni í bíl og farið í skíðaferðalag upp í fjöllin. Ég er ástfangin af borginni og fólkinu þar.“

## Gourmet-kokkur

Það má segja að Birgitta hafi fjölmörg áhugamál. Matargerð er þar á meðal. „Mér finnst mjög gaman að elda góðan mat, er mikil gourmet-kona. Hráefnið á Spáni er alveg einstaklega ferskt og það er ótrúlega skemmtilegt að elda fisk þar. Þótt við séum fiskveiðiþjóð eru fiskbúðirnar okkar tómar miðað við í Barcelona. Þar er alls kyns skelfiskur, sniglar og framandi fisktegundir. Auk þess eru frábærir matarmarkaðir um alla borg sem gaman er að heimsækja. Margir bestu spænsku veitingastaðirnir eru úti í hverfunum, æðislegir tapas-staðir sem vert er að prófa.“

Fyrir utan matargerðina þá eru Birgitta og Benedikt mikið veiðifólk og ætla að nýta nokkrar helgar í sumar til laxveiði. „Pabbi varð sextugur í sumar og það verður haldið upp á afmælið með fjölskyldunni á Krít í september,“ segir Birgitta sem segir að lítið mál sé að ferðast með ung börn. „Ferðalög með börn snúast um að vera vel undirbúinn. Ég legg til að foreldrar taki með sér hollt snarl og leikföng í flugið sem léttir flugferðina. Það er til dæmis oft hlegið að mér þegar ég er að poppa og setja rúsínur í poka heima um miðja nótt fyrir langa flugferð morguninn eftir. Aðalmálið er að líta aldrei af börnunum í útlöndum. Góð hugmynd er að setja merkimiða um úlnliðinn á barninu, sérstaklega ef börn eru gjörn á að hlaupa í burtu. Ég hef reyndar verið heppin með son minn, hann víkur ekki frá okkur.“

Þegar Birgitta er spurð hvort hún ætli að halda áfram með rithöfundinn og skrifa skáldsögu, svarar hún. „Ég tek nú bara eitt skref í einu. Hins vegar er ég óhrædd við að taka mér eitthvað nýtt fyrir hendur svo það er aldrei að vita hvað gerist í framtíðinni,“ segir söngkonan sem býður spennt eftir leik Íslands og Frakklands á sunnudag. „Ef fólk fer með börn á leikinn í París eða á Arnarhól ætti það að muna eftir heyrnartólum til að verja heyrn barnsins,“ segir mamman sem rokkar. **elin@365.is**


ÁFRAM
Ísland
LINDBERG
Í samstarfi síðan 1991
Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

# GRILLAÐ OG BAKAÐ

Sjónvarpskokkurinn Eva Laufey Hermannsdóttir og ungu aðstoðarkokkarnir hennar í þáttunum Það er leikur að elda, sem sýndir eru á Stöð 2, grilluðu, bökuðu og útbjuggu salat í síðasta þætti.



Mexíkósk grillspjót eru fljótleg og góð.



Æðislegt salat með grilluðum kjúklingi.

Matargleði

Evu Laufeyjar Hermannsdóttur



## MEXÍKÓSK GRILLSPJÓT

**600 g nautalund**
**1 rauð paprika**
**1 græn paprika**
**1 laukur**
**1 tsk. cumin-krydd**
**1 tsk. paprikukrydd**
**1 tsk. hvítlaukskrydd**
**Salt og nýmalaður pipar**
**1 msk. ólífuolía**
**Grillspjót**

Skerið kjörið í bita og setjið í skál, kryddið með cumin, papriku, hvítlaukskryddi og salti og pipar. Blandið vel saman og hellið olíunni saman við.

Skerið grænmetið í jafnstóra bita og þræðið upp á grillspjót ásamt kjötinu. Ath.! Mikilvægt að leggja grillspjótin í bleyti í að minnsta kosti 30 mínútur.

Grillið á hvorri hlið í 6-8 mínútur.

Berið fram með tortillavefjum, káli og sýrðum rjóma.



Eplabakan er algjört sælgæti.

## ÆÐISLEGT SALAT MEÐ GRILLUÐUM KJÚKLINGI

**1 poki blandað salat**
**1 askja jarðarber**
**1 agúrka**
**1 rauðlaukur**
**1 rauð paprika**
**1 lárpera**
**1 askja kirsuberjatómatar**
**1 krukka grænt pestó, t.d. frá Sacla**
**1 krukka rautt pestó, t.d. frá Sacla**
**600 g kjúklingalundir eða annað kjúklingakjöt**
**Salt og nýmalaður pipar**
**Hreinn fetaostur**

Skerið grænmetið mjög smátt og blandið saman í skál. Blandið pestótegundum saman í skál og hellið yfir kjúklingakjötið, grillið kjúklingakjötið í 6-7 mínútur á hvorri hlið eða þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn. Leggið kjúklinginn yfir salatið og dreifið ferskum fetaosti yfir í lokin.

## GRILLUÐ EPLABAKA MEÐ RJÓMA

**6 græn epli**
**1 tsk. kanill**
**1 tsk. sykur**
**100 g súkkulaði**
**150 g smjör**
**150 g hveiti**
**100 g kókosmjöl**

Skerið niður græn epli og veltið upp úr kanilsykri. Leggið eplin í álform sem má fara á grillið. Setjið hveiti, smjör og kókosmjöl í skál og myljið með höndunum. Dreifið mylsnunni yfir kökuna og grillið í um það bil 25-30 mínútur eða þar til kakan er gullinbrún. Berið fram með þeyttum rjóma eða vanilluís. Algjört sælgæti!

MARTA JONSON
LAUGAVEGI 51
S. 553 0816
KRINGLUNNI
S.553 0809

MARTA JONSSON

ÍSLENSK HÖNNUN
HÁGÆÐA LEÐURSKÓR

ÚTSALAN ER HAFIN

Allt að

50%

AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL!

WWW.MARTAJONSSON.COM

## LÍFSSTÍLL

Uglu Stefaníu Kristjönudóttur Jónsdóttur



MYND/MÓA HJARTARDÓTTIR

**Morgunmaturinn?** Ekkert nema mökksvart kaffi.

**Hvað á að gera um helgina?** Sitja heima, horfa á raunveruleikaþætti og velta mér upp úr melódramatískum skáldsögum.

**Hvað ertu að hlusta á?** Björk, Sóleyju, Mammút og Siu.

**Hvað ertu að lesa?** Gender Trouble eftir Judith Butler.

**Hvernig verður sumarfríið?** Ferðalög og dagdrykkja.

**Uppáhaldskaffihúsið?** Heima hjá mér.

**Uppáhaldsbúð?** Kolaportið.

**Uppáhaldsmatur?** Tár gagnkynhneigðra, hvítra, sískynjaðra, ófatlaðra karlmanna.

**Út að dansa eða kósíkvöld heima?** Kósíkvöld alla daga.

**Uppáhaldsbíómynd?** Loftkastalinn sem hrundi.

**Uppáhaldslaugardagsnammið?** Borða ekki nammi.

**Hælar eða flatbotna?** Hælar.

**Fylgistu með EM?** Ég fylgist svo lítið með EM að ég forðast það aktívt.

**Uppskrift að fullkominni helgi?** Raunveruleikaþættir, hummus og vín af stút!

# Útsala 30-70% afsláttur



Kjólar áður 8.990 kr.
nú 5.000 kr.



Kjólar áður 9.990 kr.
nú 6.990 kr.



Kjólar áður 9.990 kr.
nú 6.990 kr.



Kjólar áður 8.990 kr.
nú 5.000 kr.



Túnika áður 11.990 kr.
nú 8.390 kr.



Túnika áður 7.990 kr.
nú 5.000 kr.



Skyrta áður 7.990 kr.
nú 3.000 kr.



Skyrta áður 7.990 kr.
nú 3.000 kr.



Kjóll áður 17.990 kr.
nú 5.000 kr.



Kjóll áður 17.990 kr.
nú 5.000 kr.



Kjóll áður 17.990 kr.
nú 5.000 kr.

FLASH

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**

Fleiri myndir á Facebook

# HUGSAR VEL UM FÖTIN SÍN

**Björg Gunnarsdóttir** er nýútskrifaður fatahönnuður með flottan stíl. Hún leyfir lesendum að gægjast inn í skápana og sýnir hvað er í uppáhaldi hjá henni um þessar mundir.

## SKOÐAÐ Í SKÁPINN

Það er nóg að gera hjá Björgu Gunnarsdóttur, margmiðlunarhönnuði, kjólaklæðskera og fatahönnuði þessa dagana en hún er mikið að sníða og sauma, þar sem hún tók að sér að gera brúðardress á konu sem ætlar að gifta sig í júlí. „Ég er svo heppin að hafa fengið eitt slíkt verkefni á hverju sumri síðastliðin fjögur ár. Þetta er mikil vinna en rosa skemmtileg,“ segir Björg, sem er nýútskrifuð úr fatahönnun frá Listaháskóla Íslands og spennandi tímar fram undan hjá henni. „Nú er ég að koma mér aftur niður á jörðina og njóta þess að eiga frístundir á kvöldin. Ég tel að það sé margt spennandi og nýtt að fara að gerast í Reykjavík og núna sé fullkomin tímasetning til að útskrifast úr hönnunarnámi.“

Björg leyfir lesendum að gægjast inn í skápana sína og sjá hvað er í mestu uppáhaldi hjá henni en hún segist nota mest svartar gallabuxur, skyrtur og hlýjar peysur yfir. „Fyrir mér er mikilvægt að eiga flíkur úr náttúrulegum og góðum efnum. Endingin verður einfaldlega betri og óþarfi að þvo flíkina eins oft. Ég tel að það sé mikilvægt að hugsa vel um fötin sín og vanda efnisval.“

Eftirlætisskór Bjargar eru frá Chia Mihara. „Skórnir þeirra eru vel hannaðir svo fóturinn verður ekki þreyttur og ekki skemmir fyrir hversu flottir þeir eru. Ég var svo heppin að komast í „outlet-ið“ þeirra á Spáni fyrir nokkrum árum og kom heim með tvö falleg skópör. Svo er algjört möst að eiga góða götuskó á borð við New Balance eða Nike air. Falleg ökklastígvél eru líka góð fjárfesting, þar sem bæði er hægt að nota þau fínt og hversdags,“ lýsir Björg.

Spurð að því hvaða fylgihluti hún noti helst segist Björg eiga nokkrar fallegar leðurtöskur sem hún noti mikið. „Uppáhaldsmerkið mitt er Fashionable sem er umhverfisvænt merki og fer allur ágóði töskunnar til eþíópískra kvenna sem eiga erfitt. Einnig finnst mér gott að eiga góða trefla og hafa Verndarhendurnar eftir Vík Prjónsdóttur komið sér vel á veturna. Svo elska ég hálsmen og eru íslensku gullsmiðirnir í miklu uppáhaldi. Ég fékk til dæmis fallegt skærahálsmen eftir Orra Finn í útskriftargjöf sem mér þykir vænt um. Einnig fékk ég fallega fálkafjöður frá Aurum sem hefur ekki farið af hálsinum á mér síðan.“





Björg er hrifin af íslensku skarti eins og þessu hálsmeni frá Orra Finn sem hún notar mikið.

Þessi blái jakki er úr útskriftarlínu Bjargar og útskrifaðist hún í honum. „Innblásturinn að mynstrinu fékk ég frá myndum sem kona að nafni Anna Atkins gerði árið 1860.



Björg segist vera sjúk í skóna frá Chia Mihara. MYND/BJÖRG GUNNARSDÓTTIR



Björg kláraði fatahönnun í Listaháskólanum nú í vor en hún hefur líka mikinn áhuga á ljósmyndun og tekur mikið af myndum í frítíma sínum sem hún póstar á heimasíðu sína, bjorggunnars.com. MYND/HANNA



„Ég held mikið upp á merkið Baum und Pferdgarten, hönnuðir merkisins eru snillingar í að gera munstur og velja fallega liti. Mér finnst skemmtilegt að klæða fallega peysu yfir skyrtuna, þá verður hún strax meira hversdags,“ segir Björg.



Björgu var gefin þessi skyrta þegar hún lauk starfsnámi hjá Bruuns Bazaar fyrir nokkrum árum. Skyrtan minnir hana mikið á þann góða tíma sem hún átti hjá þeim og notar hún hana eingöngu spari.


ÚTSALAN ER HAFIN! 30-50% AFSLÁTTUR !

Falleg föt í góðum stærðum



JAKKI VERÐ NÚ 9.093 KR ~~12.990 KR~~



TOPPUR VERÐ NÚ 3.495 KR ~~6.990 KR~~



KJÓLL VERÐ NÚ 5.313 KR ~~7.590 KR~~



LEGGINGS VERÐ NÚ 3.423 KR ~~4.890 KR~~



TÚNIKA VERÐ NÚ 4.823 KR ~~6.890 KR~~



KJÓLL VERÐ NÚ 3.295 KR ~~6.590 KR~~

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun okkar að Fákafeni 9

Alla virka daga frá kl.11-18

Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!

Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK

Sími 581-1552 | www.curvy.is


ÚTSALAN
ER HAFIN
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is











Uppáhaldsstaður Sigrúnar á heimilinu er við tölvuna sem stendur á stóru vinnuborði sem hún sérhannaði. Fallegt útsýnið setur punktunn yfir i-ið. MYND/HANNA

# HEIMILI ÓHÁÐ STEFNU OG STRAUMUM

**Sigrún Einarsdóttir,** vöru- og grafískur hönnuður, hannar undir merkjum Cool Design. Hún á frjálslegt og litríkt heimili með dásamlegu útsýni. Hún svarar hér spurningum um sína uppáhaldshönnun.

**Hver er þinn uppáhaldshönnuður?** Þeir eru margir og mismunandi, t.d. Tadao Ando, japanskur arkitekt sem hannar ákaflega ljóðrænar byggingar úr steinsteypu. En líka dáist ég að ýmsum finnskum hönnuðum frá miðri síðustu öld, til dæmis Timo Sarpaneva og Tapio Wirkkala, fyrir dásamlegt handverk og hönnun sem og hönnun Arabia og Marimekko frá sama tímabili sem er formfögur og mjög fallega skreytt sem fellur að „form & function“.

**Hver er þinn uppáhaldshönnunarmunur?** Ég get alls ekki nefnt einn hlut. Það sem heillar mig er breytilegt hverju sinni af ólíkum ástæðum. Reyndar verð ég að nefna að mér finnst fuglar Kristians Vedel algjör draumahönnun.

**Hver er þinn uppáhaldshlutur á heimilinu?** Skál frá Gliti gerð snemma á sjöunda áratugnum. Þar fer saman fallegt form, litur og skreyting.

**Hver er uppáhaldsstaðurinn á heimilinu?** Við tölvuna mína sem stendur á stóra vinnuborðinu mínu sem ég sérhannaði og í kaupbæti er afar fallegt útsýni sem ég fæ aldrei nóg af.


Uppáhaldshlutur Sigrúnar á heimilinu er þessi skál frá Gliti.

**Hvernig myndir þú lýsa heimili þínu?** Frjálslegu og litríku, óháð stefnu og straumum, mjög persónulegt með dásamlegu útsýni.

**Bestu kaupin?** Sófasett sem amma vinkonu minnar átti og samanstendur af stórum sófa og fimm armstólum. Stórt og mikið sett frá um 1944 og sómir sér afar vel hjá mér og er vel gestvænt.

**Verstu kaupin?** Lítil og nett ryksuga frá Hoover sem breyttist í gargandi skrímsli þegar kveikt var á henni! Þar var hönnunin ekki hugsuð í þaula!

**Hvert er nýjasta verkefnið þitt?** Þau eru nokkur og í báðum deildum, þar eð ég er bæði grafískur hönnuður og vöruhönnuður. Í grafísku deildinni tek ég að mér uppsetningar á einföldum og ódýrum vefsíðum fyrir lítil fyrirtæki og auglýsingagerð fyrir netið. Í vöruhönnunardeildinni eru það spil sérstaklega hönnuð til að auðvelda börnum að spila á spil.

**Áttu uppáhaldshönnun úr eigin smiðju?** Já, servíettuhringirnir mínir „íslenskir fuglar“ sem er skemmtilegur hlutur á matarborðið og þar fer saman klassísk hönnun, einföld og hrein form sem og gott handverk. Þegar þessir þættir ná að sameinast finnst mér hægt að tala um góða hönnun.

**Hvað er fram undan hjá þér?** Ég að leita að samstarfs- og söluaðila, nota þetta tækifæri og lýsi hér með eftir þeim! Annars er vonandi bara dásamlegt sumar fram undan hjá mér!


Servíettuhringir Sigrúnar, íslenskir fuglar, eru uppáhaldshönnun hennar úr eigin smiðju.


Sigrún hannar undir merkjum cooldesign.


Sigrún segir fugla Kristians Vedel algjöra draumahönnun.

# Gervitár?





# Gleðitár!





## Tárin sem endast

VISMED® inniheldur engin rotvarnarefni og því eru hverfandi líkur á ofnæmi.

VISMED® inniheldur hýalúrónsýru sem er smurolía náttúrunnar og finnst víða í mannslíkamanum.

VISMED® myndar náttúrulega tárafilmu á yfirborði hornhimnunnar sem endist óvenjulengi á auganu.

DROPAR





Skammtahylki án rotvarnarefna.
Hægt er að loka eftir opnun.

Dreypiglas 10 ml.
Má nota í 3 mánuði eftir opnun.

GEL





Skammtahylki án rotvarnarefna.
Hægt er að loka eftir opnun.

Dreypiglas 10 ml.
Má nota í 3 mánuði eftir opnun.

VISMED® fæst í öllum helstu apótekum

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja

**GARÐAUMSJÓN**
Sláttur fyrir húsfélög og einstaklinga. Almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 6981215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**MARKMIÐ VERKTAKAR**
**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
Smíðavinna · Pípulagnir · Raflagnir
Málningavinna · Múrvinna · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna · Lóðavinna
**Tilboð þér að kostnaðarlausu**
Uppl. í síma: 820 8888 eða markmid@markmid-ehf.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 285 FM IÐNAÐARBIL Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi. Sumarhús- einbýlishús Fjölbreytt úrval- gott verð.
Upplýsingar hjá **ghalldor@simnet.is**

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ**
á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VITABAR - 10-14 VIRKA DAGA.**
Starfskraft vantar í hlutastarf, mánud.-föstud. 10-14. Vantar einnig á kvöld og helgarvaktir. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára.
**Umsóknir sendist á: vitabar@internet.is**

Atvinna í boði. Óska eftir aðstoðarmanni í múr og sprunguviðgerðir. Uppl. í síma 618 5286 Þórður

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**



**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
**907 2002**
Hjálparstarf kirkjunnar

## markaður




**Bakhúsið**
*Nytjamarkaður Grensásvegi 14*
Inn sundið á milli húsanna. Fullt af bílastæðum bakvið.
*Opið virka daga 11-18 og laugardaga 11-16*
**Símar 662 7222 og 578 6262**
**Vefverslun: vonogbjargir.is**
*Viltu gefa kompudót, fatnað, bækur og fleira? ...við sækjum. Höfum kaupendur að heilum búslóðum og lagerum.*

## skemmtanir




# EM í beinni!
**Ísland - Frakkland**
**kl. 19:00 á sunnudag**

# Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*



# Hljómsveitin Klettar

**Ísfirðingarnir Rúnar Þór, Rúnar Vilbergs, Reynir Guðmunds, og reykvíkingurinn Siggi Árna spila í kvöld.**

*Allir velkomnir*

Gullnáman

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

# VIÐSKIPTATÆKIFÆRI Í MATVÆLAFRAMLEIÐSLU

## VEL TÆKJUM BÚIN MATVÆLASMIÐJA Í 300 FM. HÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK TIL LEIGU.

1. Smiðjan er vel búin tækjum og áhöldum.
2. Fjölbreyttar framleiðsluvélar með nokkurri sjálfvirkni.
3. Fjölbreyttar pökkunarvélar fyrir smásölu og veitingahús.
4. Góð kæli og frystiaðstaða fyrir efni og fullunnar vörur.
5. Góð sérsniðin aðstaða fyrir köld matvæli og einnig fyrir heitt eldhúss.
6. Góða aðstaða fyrir undirbúning matseðla fyrir veitingahúss.
7. Aðskilin aðstaða til að vinna reyklax, graflax, marinerað, pækil eða þurrsaltað.
8. Hentar vel fyrir sérkryddaða laxarétti, portion pökkun og lokamatreiðslu.

Hér er um að ræða sérlega áhugaverðan kost fyrir fagfólk í matvælaiðnaði, þar sem leigusali er tilbúin að lagfæra aðstöðu að þörfum nýrra rekstraraðila, til að sækja fram á nýja markaði. Matvælaframleiðsluleyfi er til 12 ára.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur H. Valtýsson.



GUÐMUNDUR H. VALTÝSSON
*Löggiltur fasteignasali*
*Viðskiptafræðingur B.Sc.*
GSM 865-3022
gudmundur@stakfell.is

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

**GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI**



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Tryggvagata 14

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 15. júní 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 16. júní 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagsskilmálum reits 1.132.1, Naustareits, vegna lóðarinnar nr. 14 við Tryggvagötu. Í breytingunni felst að gerð er krafa um eitt bílastæði á hverja 130 $m^2$ fyrir hótelstarfssemi. Verði ekki unnt að koma fyrir á lóðinni þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um skal heimilt að greiða fyrir þau stæði sem á vantar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Lágholtsvegur 15

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. júní 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 16. júní 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Lýsisreits vegna lóðar nr. 15 við Lágholtsveg. Í breytingunni felst m.a. að leiðrétta lóðarstærð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Alþingisreitur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. júní 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 16. júní 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Alþingisreits. Í breytingunni felst að hækka tengibyggingu milli Kirkjustrætis 8b og 10 um eina hæð og fækka bílastæðum á lóð. Einnig fjallar deiliskipulagstillaga um fornminjar og um varðveislu þeirra og aðgengi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Sogavegur 73-75 og 77

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. júní 2016 og borgarráði Reykjavíkur þann 16. júní 2016 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Alþingisreits. Í breytingunni felst að hækka tengibyggingu milli Kirkjustrætis 8b og 10 um eina hæð og fækka bílastæðum á lóð. Einnig fjallar deiliskipulagstillaga um fornminjar og um varðveislu þeirra og aðgengi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 1. júlí 2016 til og með 12. ágúst 2016**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 12. ágúst 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 1. júlí 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is



Skipulagsstofnun

# Mat á umhverfisáhrifum

**Athugun Skipulagsstofnunar**

## Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði, Árneshreppi

Vesturverk hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 1. júlí til 29. ágúst næstkomandi á eftirtöldum stöðum: Í Kaupfélagi Steingrímsfjarðar, á Landsbókasafni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 29. ágúst 2016 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

**Kynningarfundir:** Vakin er athygli á að Vesturverk stendur fyrir kynningarfundi á frummatsskýrslu í félagsheimilinu í Trékyllisvík miðvikudaginn 6. júlí næstkomandi kl. 14:00 og miðvikudaginn 10. ágúst hjá Verkís, Ofanleiti 2 í Reykjavík, kl 14:00. Allir eru velkomnir.




HELGARFJÖR FYRIR **FLOTTASTA FÓLKIÐ**

Afinn sem allir elska og fjörugu vinkonurnar Skoppa og Skrítla skemmta börnum og foreldrum á laugardags- og sunnudagsmorgnum á **Stöð 2**.

365.is | Sími 1817
365

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is



ráðum
ráðningarstofa

# Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

# HITAVEITUSKELJAR MIKIÐ ÚRVAL



QUEEN 1650 LÍTRAR

STÆRÐ: 215 X 215 CM
LITIR: SVARTUR,
NAVY BLÁR, SILFUR



BYGGÐAR ÚR TREFJA EFNI

## LOK Á POTTA

STÆRÐIR

200 x 200
210 x 210
220 x 220
235 x 235
8 HYRNT



STERK,
VÖNDUÐ
OG GÓÐ LOK

## HEITIRPOTTAR.IS

777 2000 HAFFI
777 2001 GRÉTAR
896 0602 KRISTJÁN (FISKIKÓNGURINN)

# VILLTUR LAX

## LAXAFLÖK OG LAXASNEIÐAR

## STÓRLÚÐA





Fiskikóngurinn

Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 587 7755

OPIÐ
LAUGARDAG
10:00-15:00

## Merkisatburðir

**1232** - Antoníus frá Padúa, verndardýrlingur týndra hluta, var tekinn í heilagra manna tölu.
**1559** - Hinrik 2. Frakkakonungur særðist í burtreiðum og dró sárið hann til dauða tíu dögum síðar.
**1564** - Stóridómur samþykktur á Alþingi.
**1579** - Í Bæ á Rauðasandi var framið rán er erlendir hvalveiðimenn rændu Eggerti Hannessyni sýslumanni og heimtuðu fyrir hann lausnargjald.
**1594** - Morðbréfamálið: Fjögur bréf sem hermdu morð upp á Jón Sigmundsson lögmann dæmd fölsuð á Alþingi.
**1690** - Jón Vigfússon biskup, er kallaður var Bauka-Jón, lést. Hann var biskup á Hólum í 6 ár og hafði áður stundað ólöglega tóbaksverslun.



Pan Thorarensen, skipuleggjandi íslensku tónlistarhátíðarinnar Extreme Chill – Undir jökli.

# Extreme Chill – Undir jökli hefst um helgina

**Hátíðin Extreme Chill fer fram um helgina í sjöunda sinn og í þetta sinn fer hún fram í Vík í Mýrdal en hún hafði áður verið haldin á Hellissandi. Dagskráin í ár er afar fjölbreytt**

„Þetta er í fyrsta skipti sem við höldum hátíðina í Vík í Mýrdal en það er virkilega fallegur staður sem hentar hátíðinni vel," segir Pan Thorarensen, skipuleggjandi íslensku tónlistarhátíðarinnar Extreme Chill – Undir jökli. Hátíðin hefst 2. júlí og stendur yfir helgina, en þetta er í sjöunda sinn sem hátíðin fer fram. Áður hafði hátíðin farið fram á Hellissandi við rætur Snæfellsjökuls en í ár hefur verið ákveðið að breyta til. Extreme Chill hefur einnig verið í samstarfi við XJAZZ-hátíðina í Berlín.

„Umhverfið skiptir miklu máli fyrir upplifun tónlistargesta, tónlistin talar mikið við náttúruna og það er eitthvað öðruvísi við að hlusta á tónlist í þessu umhverfi sem gerir hátíðina einstaka," segir Pan, en Vík í Mýrdal er þekkt fyrir náttúrufegurð sína eins og reyndar Hellissandur en á hátíðinni er lögð

**Umhverfið skiptir miklu máli fyrir upplifunin tónlistargesta, tónlistin talar mikið við náttúruna og það er eitthvað öðruvísi við að hlusta á tónlist í þessu umhverfi sem gerir hátíðina einstaka**

áhersla á að sameina tónlistarupplifun gestanna og upplifun á náttúrufegurð. Á hátíðinni er raftónlist í rólegri kantinum í hávegum höfð, ambient og aðrar skyldar stefnur, það er þó ekki algilt.

„Tónleikarnir fara fram í Leikskálum á laugardagskvöldið en á sunnudaginn verðum við í Víkurkirkju, við erum virkilega spenntir fyrir því að bjóða fólki upp á tónleika í þessari fallegu kirkju." Leikskálar er félagsheimilið í Vík. Víkurkirkja var byggð á árunum 1932-1934. Hún er steinsteypt og tekur um 200 manns í sæti.

Dagskráin í ár er þétt og spennandi en tónlistarmenn á borð við Hans-Joachim Roedelius, Hilmar Örn Hilmarsson, Stereo Hypnosis, Jón Ólafsson, Futuregrapher, Reptilicus og Þórönnu Björnsdóttur o.fl. munu koma fram á hátíðinni. Hans-Joachim Roedelius er þekktur fyrir að hafa tekið þátt í að stofna kraut-rokkhljómsveitirnar Cluster og Harmonia en hann var einnig meðlimur í ambient djass-hljómsveitinni Aquarello. Hann hefur einnig átt langan sólóferil.

„Takmarkaður fjöldi miða verður í boði í ár og kostar passinn aðeins 5.900 krónur," segir Pan og hvetur fólk til að tryggja sér miða tímanlega því að margir hafi áhuga á þessari merku hátíð.

**gudrunjona@frettabladis.is**




✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bára Jónsdóttir**
frá Bíldudal,

lést mánudaginn 27. júní.

Útför hennar fer fram frá Bíldudalskirkju laugardaginn 9. júlí klukkan 14.00.

**Þorbjörg Lilja Óskarsdóttir** **Haukur Þ. Sveinbjörnsson**
**Magnús B. Óskarsson** **Björk Hafliðadóttir**
**Rakel Óskarsdóttir** **Aðalsteinn Klemenzson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Haukur Ottesen Jósafatsson**
bifreiðastjóri,
áður til heimilis að Laugarásvegi 30,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk fimmtudaginn 16. júní.

Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Starfsfólki Markar er sérstaklega þakkað fyrir alúð og hlýju við umönnun hans.

**Örn Ottesen Hauksson** **Þórunn Oddsdóttir**
**Magnea Erla Ottesen** **Guðni Kjartansson**
**Haukur Ottesen Hauksson** **Guðlaug Þorgeirsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Elskulegur pabbi okkar, sonur, bróðir og frændi,

**Héðinn Garðarsson**
Klettaborg 27, Akureyri,

lést laugardaginn 25. júní 2016.
Útförin verður gerð frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 5. júlí kl. 10.30.
Þeim sem vilja minnast Héðins er bent á styrktarreikning barnanna hans, í Sparisjóði Höfðhverfinga, 1187-05-253000 kt. 260378-4739

**Jakob Darri, Lovísa Ýr og Þormóður Geir Héðinsbörn**
**Védís Baldursdóttir** **Garðar Helgason**
**Helgi Garðarsson**
**Baldur Garðarsson** **Maria Sæther Hansen**
**Ásta Garðarsdóttir** **Jónas Björnsson**
**Sigrún Garðarsdóttir** **Sverrir Rafnsson**
**Anna Jóna Garðarsdóttir** **Leó Fossberg**
**Halla Björk Garðarsdóttir** **Ólafur Jónsson**
**Guðný Berglind Garðarsdóttir** **Ingólfur Jóhannsson**
**Garðar Þór Garðarsson** **Berglind Gærdbo**
**og aðrir ættingjar.**

**Lokað**

Lokað verður í dag, föstudaginn 1. júlí, frá kl. 12.00 vegna útfarar Kristjáns M. Baldurssonar.

TREX Travel Experiences

TREX Hópferðamiðstöðin



✝

Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur hlýhug og samúð við andlát og útför eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**Kristínar Jónsdóttur**
sjúkraliða,
Miðteigi 1, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heimahlynningar og göngudeildar lyflækninga á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

**Lárus Sverrisson**
**Gunnhildur Gylfadóttir** **Hjálmar Herbertsson**
**Magnús Már Lárusson** **Helena Sif Jónsdóttir**
**Ágúst Lárusson** **Sólveig Gærdbo Smáradóttir**
**og barnabörn.**



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sverrir Marinósson**
Esjugrund 58, Kjalarnesi,
er látinn.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Umhyggju, félag til stuðnings langveikum börnum.

**Kolbrún Pálsdóttir**
**Halldór Sverrisson** **Sigrún Theodóra**
**Sigrún Hrefna Sverrisdóttir** **Grétar Böðvarsson**
**og barnabörn.**


FÍFA
6.071,-
ÁÐUR 13.490,-
ÚTSALAN ER HAFIN
YFIR 40 TEGUNDIR Á ÚTSÖLU
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
50% AF ÖLLUM BARNAFÖTUM
Barnafatalína fyrir stráka og stelpur
Húfa 895 kr. Áður 1.790 kr.
50% AF ÖLLUM BARNAFÖTUM
Barnafatalína fyrir stráka og stelpur
Peysa 2.245 kr. Áður 4.490 kr.
SVUNTUR FRÁ 1.794 KR
Skautbúningasvuntan/ Höfðingi svunta
Nú 3.594 kr. Áður 5.990 kr. /
25-60% AF ÖLLUM RÚMFÖTUM
Íslenska skjaldamerkið 140x200
Nú 7.995 kr. Áður 15.990 kr.
Dúnsæng 140x200 - 790gr
Nú 25.994 kr. Áður 39.990 kr.
Handklæði 70x140 / 10 litir 3 stærðir
Nú 2.093 kr. Áður 2.990 kr.
OKKAR STÆRSTA ÚTSALA FRÁ UPPHAFI
UEFA EURO2016 FRANCE
TIL HAMINGJU MEÐ
STÓRKOSTLEGAN
ÁRANGUR Á EM
Lín DESIGN
LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Í dag verða norðan 8 til 15 metrar á sekúndu og rigning, en skýjað og þurrt að mestu um landið sunnanvert. Hiti frá 6 stigum fyrir norðan, upp í 16 stig syðst. Norðanstrekkingurinn getur staðbundið verið varasamur fyrir þau ökutæki sem viðkvæmust eru fyrir vindi.

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 5° | 6° |
| ↓9 | ↓7 | ↓5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 10° | 14° | 3° |
| ↓5 | ↑2 | ↓6 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 9° | 6° |
| ↘8 | ↓4 | ↘5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 7° | 15° | 4° |
| ↘7 | ←3 | ↓8 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. örlög
6. þys
8. knæpa
9. loft
11. gjaldmiðill
12. tárfelldu
14. hroki
16. ætíð
17. hár
18. annríki
20. í röð
21. þráður

**LÓÐRÉTT**
1. korntegund
3. tónlistarmaður
4. limlesta
5. krass
7. fiskur
10. sérstaklega
13. þvottur
15. litur
16. verkfæri
19. númer

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sköp, 6. ys, 8. krá, 9. gas, 11. kr, 12. grétu, 14. dramb, 16. si, 17. ull, 18. önn, 20. aá, 21. garn.

**LÓÐRÉTT:** 1. bygg, 3. kk, 4. örkumla, 5. pár, 7. sardína, 10. sér, 13. tau, 15. blár, 16. sög, 19. nr.

### Skák Gunnar Björnsson

Jón L. Árnason (2.490) átti leik gegn Gerhard Köhler (2.201) í fjórðu umferð Heimsmeistaramóts sveita, 50 ára og eldri.

**Hvítur á leik**



**21. Rxg6! Rxg6?** (Betra er 21. ... fxg6 þó hvítur hafi frumkvæðið 22. Bxe6+ Hf7 23. Bxf7+ Hxf7 24. Dh7+ Ke8 25. Bf4!) **22. Bxe6! Bd6** (22. ... Rce5! er eini varnarmöguleikinn.) **23. Dxg6+ 1-0.**

**www.skak.is:** Sjötta umferð í dag.

### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | | 7 | 8 | | 4 | | |
| | | 7 | | 9 | | | | |
| | 8 | 2 | 1 | | 3 | 9 | | 7 |
| | 1 | | | 3 | 9 | | | |
| | | | 2 | 6 | | | 9 | |
| | | 6 | | | 1 | | 8 | 3 |
| 6 | | | 9 | | 7 | 3 | | 2 |
| 2 | 5 | | | 1 | 8 | | | |
| | | 1 | 6 | | | 8 | 5 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 6 | 7 | 2 | 4 | 8 | 3 | | |
| | | 8 | 3 | | | 7 | | 1 |
| | | 9 | 6 | | | | 8 | |
| 6 | | | 4 | | | 5 | | 3 |
| | 2 | | | | | | 7 | 8 |
| | | | | | | | 2 | |
| 7 | | 6 | 8 | | | | 3 | |
| 9 | | 4 | | 6 | 5 | | | |
| | | | | 1 | | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | 5 | | |
| 3 | | 9 | | 6 | | | | 1 |
| 7 | | 1 | | | | | 2 | 9 |
| 1 | | | 4 | | 6 | 7 | 5 | |
| 6 | 3 | 7 | | 9 | | | 1 | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | 1 | | | | 9 | |
| | | | | 2 | 5 | | | 7 |
| | 2 | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 1 | 3 | 5 | 6 | 2 | 7 | 8 |
| 2 | 5 | 7 | 4 | 9 | 8 | 6 | 1 | 3 |
| 3 | 8 | 6 | 7 | 1 | 2 | 5 | 9 | 4 |
| 6 | 3 | 5 | 8 | 2 | 9 | 7 | 4 | 1 |
| 7 | 2 | 8 | 1 | 3 | 4 | 9 | 5 | 6 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 2 |
| 1 | 6 | 2 | 9 | 4 | 5 | 3 | 8 | 7 |
| 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 1 | 4 | 2 | 9 |
| 8 | 4 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 | 7 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 3 | 8 | 6 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 4 | 7 | 5 | 9 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 |
| 1 | 4 | 8 | 3 | 7 | 6 | 9 | 5 | 2 |
| 2 | 3 | 7 | 4 | 5 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 5 | 6 | 9 | 1 | 8 | 2 | 3 | 7 | 4 |
| 3 | 5 | 6 | 2 | 9 | 1 | 4 | 8 | 7 |
| 7 | 9 | 2 | 6 | 4 | 8 | 5 | 3 | 1 |
| 8 | 1 | 4 | 7 | 3 | 5 | 2 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 5 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 |
| 2 | 4 | 3 | 6 | 9 | 8 | 5 | 1 | 7 |
| 1 | 7 | 9 | 4 | 2 | 3 | 6 | 8 | 5 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 7 | 9 | 4 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 3 |
| 5 | 6 | 2 | 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 9 |
| 8 | 3 | 7 | 9 | 5 | 2 | 4 | 6 | 1 |
| 9 | 1 | 4 | 3 | 7 | 6 | 8 | 5 | 2 |


# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Áfram Ísland!**

**Leiðbeiningar** um hvernig skuli föndra kórónu, veggskraut og skilti prýdd strákunum okkar til að taka með á Arnarhól á sunnudaginn.



**Brennur fyrir jafnrétti**

**Michael Kimmel** hefur unnið að rakarastofuráðstefnum í samvinnu við utanríkisþjónustuna. Nú veltir hann fyrir sér íslenskum útihátíðum.



**EM ævintýrið heldur áfram**

**Gummi Ben** komst í heimsfréttir þegar lýsing hans á sigurmarki Arnórs Ingva Traustasonar rataði í alla helstu fjölmiðla heimsins. Hann ræðir athyglina, sem hann kærir sig reyndar lítið um.


## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SAMSUNG

SAMSUNGSETRID.IS

# Samsung AddWash

**Kynnum nýjustu viðbótina í þróun þvottavéla frá Samsung.
AddWash þvottavélin gerir notandanum kleift að bæta við fatnaði í þvottavélina í gegnum op á hurðinni, eftir að þvottavélin hefur verið ræst.**



**SAMSUNG**

**8 kg 1400 Sn.**
**Eco Bubble AddWash**
WW80K5400UW

Eco Bubble AddWash, Smart Check, Tekur 8 kg, 1400 sn/mín, Afgangsraki 44%, Kollaus mótor, 10 ára ábyrgð á mótor

**Verð: 104.900,- kr**

**SAMSUNG**

**7 kg 1400 Sn.**
**Eco Bubble AddWash**
WW70K5400UW

Eco Bubble AddWash, Smart Check, Tekur 7 kg, 1400 sn/mín, Afgangsraki 44%, Kollaus mótor, 10 ára ábyrgð á mótor

**Verð: 94.900,- kr**



**RB29FSRNDWW**
**178 cm kælir og frystir. Litur hvítur.**
**Verð: 104.900,-**



**RR34H63457F**
**180 cm kæliskápur**
**Litur stál.**
**Verð: 179.900,-**



**RH56J6917SL**
**180 cm tvöfaldur kæli- og frystiskápur með tvöfaldri hurð.**
**Litur burstað stál.**
**Verð: 349.900.-**



## Uppþvottavél með Waterwall tækni

Framhlið úr burstuðu stáli / Skjár á hurð, blár litur / Tekur 14 manna stell / 5 þvottakerfi / Starttímaseinkun / Orkunýtni A++ / Orkunotkun á ári (kWst) : 266 / Hljóðlát aðeins 41db
Stærð (h x b x d): 817 x 598 x 575 mm

**Verð: 199.900.-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |



**Jóhannes Jökull, Gréta Petrína og Iðunn Helga ætla bráðum í útilegu með nýtt víkingatjald og á ættarmót vestur á firði. Þá verður örugglega kveðið í bílnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Það er svo mikið fjör á sviðinu þegar allir kveða saman

Systurnar Gréta Petrína Zimsen, sjö ára, og Iðunn Helga Zimsen, tíu ára, eiga það sameiginlegt að elska að kveða eins og fram kemur í nýjasta hefti Stuðlabergs, tímarits um hefðbundna ljóðlist. Þær voru til í smá viðtal um þetta áhugamál og það var líka bróðir þeirra, Jóhannes Jökull Zimsen, sem er fjögurra ára.

En hvað er að kveða? „Það er alveg eins og að syngja, nema það kemur öðruvísi tónn,“ svarar Gréta Petrína. „Það er þegar lóan er komin,“ segir Jóhannes Jökull. Iðunn Helga á lengstu útskýringuna: „Að kveða er næstum því eins og söngur og svo þarf að setja saman orð og láta þau ríma saman. Svo flytur maður rímur sem eru oft margar vísur saman.“

Hún kveðst hafa lært að kveða af foreldrum sínum, Helga Zimsen og Rósu Jóhannesdóttur, sem séu í Kvæðamannafélaginu Iðunni. Jóhannes Jökull bendir á að hún heiti Iðunn eins og félagið.

Sjálf sækja þau alltaf fundina í kvæðamannafélaginu eftir að þau komust á bragðið. Hvað er skemmtilegast við það?

„Það sem gerist!“ segir Gréta Petrína með áherslu. „Við förum upp á sviðið, því langar mig aldrei að missa af, það er svo mikið fjör á sviðinu þegar allir kveða saman. Stundum kveð ég ein fyrir alla á fundinum.“

Iðunn Helga tekur undir orð systur sinnar. „Þegar allir kveða saman, þá er æðislegt. Það er líka smitandi. Ef einhver byrjar þá hoppa þeir inn í sem eru að hlusta, þeir geta ekki ráðið við sig.“

Jóhannes Jökull segist kveða hjá ömmu og afa. „Já, og líka í bílnum,“ bætir Gréta Petrína við. „Stundum erum við heima að æfa okkur.“

Systurnar eru í Kórskóla Langholtskirkju en hafa þær reynt að kenna öðrum krökkum að kveða? „Ég fór með mömmu til Akureyrar nýlega á þjóðlistahátíð sem heitir Vaka og þar kenndum við stemmur, vísur og rímur,“ upplýsir Gréta Petrína og Iðunn Helga kveðst hafa kennt bekknum sínum stemmur og vísur eftir pabba sinn sem voru fluttar á þorrablóti í skólanum.

„Ég hef kveðið fyrir krakkana á leikskólanum mínum sem heitir Furuborg,“ segir Jóhannes Jökull.

Börnin eiga sér uppáhaldsstemmur og öll hafa þau komið fram sem skemmtikraftar, Gréta Petrína til dæmis á Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði, á Hólahátíð, í Heiðmörk og á Akureyri.

„Svo höfum við kveðið á Landsmóti kvæðamanna á Egilsstöðum, fyrir vini í Noregi og líka á dans-, hljóðfæra- og kvæðamóti sem haldið er í Noregi á hverju ári,“ segir Iðunn Helga. „Og fyrir Grím frænda minn sem á afmæli 17. júní,“ botnar Jóhannes Jökull. **gun@frettabladid.is**

ÚTSALA
38
ÞREP
Laugavegi 49 / sími 561 5813



**Berglind María með lokk. Hún ætlar að flytja verk eftir Karólínu Eiríksdóttur, Þórunni Grétu Sigurðardóttur og sjálfa sig í Þorláksbúð á morgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hugmynd um hljóm sem gæti hafa verið til

**Á upphafsdegi Sumartónleika í Skálholti 2016 á morgun bregður Berglind María Tómasdóttir á leik og spilar á lokk. Fólk úr Listaháskóla Íslands er með tvenna tónleika þar um helgina.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Lokkur er fantasía um gamalt hljóðfæri sem hefur gengið í endurnýjun lífdaga,“ segir Berglind María Tómasdóttir glaðlega, þar sem hún mundar heimagert hljóðfæri úr gömlum rokk og nýju langspili.

„Þetta er sama hugmynd og í hurdy gurdy sem eru þekkt þjóðlagahljóðfæri í Mið-Evrópu og Bandaríkjunum. En í stað boga er hjól í mínu hljóðfæri, sem snýst og strýkur streng. Útkoman er hugmynd um hljóm sem gæti hafa verið til fyrir löngu síðan.“

**ÞETTA ER SAMA HUGMYND OG Í HURDY GURDY SEM ERU ÞEKKT ÞJÓÐLAGAHLJÓÐFÆRI Í MIÐ-EVRÓPU OG BANDARÍKJUNUM.**

Berglind María spilar á lokkinn á morgun klukkan 16, á fyrsta degi Sumartónleika í Skálholti, í því umdeilda húsi Þorláksbúð. „Svolítið sniðugt að spila þar á hljóðfæri sem er tilbúningur,“ bendir hún á og kveðst fá góðan gest þangað með gömul hljóðfæri.

En hátíðin hefst klukkan 14 með tónleikum Camerata Listaháskóla Íslands undir stjórn Sigurðar Halldórssonar og á sunnudag munu kór og sinfóníetta tónlistardeildar sama skóla flytja efnisskrá með verkum eftir hinn níræða Jón Nordal sem er heiðurstónskáld hátíðarinnar í ár.

Sumartónleikar í Skálholti er elsta hátíð sinnar tegundar á Norðurlöndunum og er nú haldin í 42. sinn. Hún heldur áfram allar helgar í júlí með tónleikum klukkan 14 og 16 þar sem virtir flytjendur koma fram og má nefna hópana Caput, Hljómeyki og Nordic Affect. Einnig barokkbandið Brák sem er skipað ungu kynslóðinni. Að venju er sérstök áhersla lögð á barokk og samtímatónlist og sem fyrr er aðgangur ókeypis en tekið við frjálsum framlögum.


RIGG VIÐBURÐIR KYNNA
EYÞÓR INGI
MAGNI ÁSGEIRS
FRIÐRIK ÓMAR
DAGUR SIGURÐSSON
MATTI MATT
HULDA BJÖRK
MIÐASALA HEFST
KL. 10 Í DAG
Á TIX.IS OG Í SÍMA 528-5050
MIÐAVERÐ 5400-9990
1946-2016
70
HEIÐURSTÓNLEIKAR
FREDDIE
MERCURY
ELDBORG 3. SEPTEMBER 2016
BENEDIKT BRYNLEIFSSONtrommur RÓBERT ÞÓRHALLSSONbassi KRISTJÁN GRÉTARSSONgítar EINAR ÞÓR JÓHANNSSONgítar
STEFÁN ÖRN GUNNLAUGSSONpíanó INGVAR ALFREÐSSONhljómborð DIDDI GUÐNASONslagverk
RADDSSVEIT MERCURY: REGÍNA ÓSK-ALMA RUT-ÍRIS HÓLM-DAVÍÐ SMÁRI-INGUNN HLÍN-ÍNA VALGERÐUR
RIGG VIÐBURÐIR

# FEGURÐIN BÝR Í BOLTANUM




**Evrópukeppnin í fótbolta**
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 3.899.-




